

Kúvíkur í Árneshreppi á Ströndum:

Endurskoðun fornleifaskráningar

Oddgeir Isaksen (ritstj.), Guðmundur St. Sigurðarson og Margrét Valmundsdóttir
2022



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundar

Guðmundur Stefán Sigurðarson
Margrét Valmundsdóttir
Oddgeir Isaksen

Ljósmyndir

Guðmundur Stefán Sigurðarson
Margrét Valmundsdóttir
Oddgeir Isaksen

Ljósmynd á forsíðu

Yfirlitsmynd úr flýgildi sem sýnir rústir verslunarhússins og rústir íbúðarhúss Jakobs Thorarensens

© 2022

Minjastofnun Íslands

ISBN: 978-9935-9576-5-8

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fyrri rannsóknir	4
Staðhættir og ástand minja	4
Aðferðir	5
Heimildavinna og undirbúningur	5
Vettvangsvinna	5
Niðurstöður og fornleifaskrá	6
Heimatún og nágrenni.....	6
Heimatún, austan bæjarlækjar.....	7
Heimatún, vestan bæjarlækjar.	21
Suðursvæði.....	33
Vestursvæði.....	36
Austursvæði	45
Lokaorð	59
Heimildaskrá	61
Myndaskrá	62
Viðaukar	65
Viðauki 1: Hnitaskrá	65
Viðauki 2: Minjakort.....	76

Grunnupplýsingar

Tilgangur rannsóknar:

Endurskoðun fornleifaskráningar vegna hugmynda
um varðveislu, kynningu og nýtingu á minjum
í Kúvíkum.

Staðsetning:

Kúvíkur í Árneshreppi á Ströndum

Rannsóknartími:

7.-8. júlí 2020

Starfsmenn:

Guðmundur Stefán Sigurðarson, Margrét Valmundsdóttir og Oddgeir Isaksen

Inngangur

Sumarið 2020 unnu starfsmenn Minjastofnunar að skráningu fornleifa á jörðinni Kúvíkum í Árneshreppi á ströndum, en hvatinn að verkefninu voru hugmyndir heimamanna um varðveislu, kynningu og hugsanlega nýtingu minjanna í þágu ferðaþjónustu á svæðinu. Var verkefnið styrkt af byggðaáætlun.

Í raun var um að ræða uppfærslu fyrirbyggjandi fornleifaskráningar (sjá nánar hér að neðan), þar sem gengið var kerfisbundið á þegar skráðar fornleifar og þær mældar upp, en einnig var eitthvað um nýskráningu áður óþekkttra minja. Ekki var ráðist í könnun frumheimilda við undirbúning vettvangsvinnu og lítið svo á að sú vinna hefði þegar farið fram í fyrri skráningu. Verður því vísað í fyrirbyggjandi fornleifaskráningarskýrslu í eftirfarandi umfjöllun, þar sem það á við, hvað varðar sögu Kúvíka og ítarefni um minjarnar.

Vettvangsvinna fór fram dagana 7.-8. júlí 2020 og var hún í höndum skýrslu-höfunda.

Fyrri rannsóknir

Fyrirbyggjandi fornleifaskráning er hluti af heildstæðri skráningu fornleifa í Árneshreppi sem fór fram árið 2003, en gefin út 2005 og unnin af Fornleifastofnun Íslands ses. Eru Kúvíkur skráðar þar undir jörðinni Kambi en Kúvíkur tilheyrðu áður jörðinni Halldórsstöðum sem var hjáleiga Kambs (Birna Lárusdóttir ofl. 2005, 59).

Árið 2004 fór svo fram fornleifarannsókn á vegum Fornleifastofnunar þar sem grafnir voru tveir könnunarskurðir. Annars vegar var grafinn skurður í öskuhaug (2334-21) vestur af rústum verslunarhúss (2334-24), sem staðsett eru niður við strönd norður af miðju heimatúninu, en hins vegar var grafinn skurður rétt austan við rúst íbúðarhúss (2334-20) sem er suðaustur af áðurnefndu verslunarhúsi. Er niðurstöðum þessarar rannsóknar lýst í skýrslu sem kom út 2004 (Birna Lárusdóttir ofl. 2004).

Staðhættir og ástand minja

Jörðin Kúvíkur er staðsett við sunnanverðan Reykjafljörð, undir norðanverðum Illviðrishnjúk. Eru heimatúnið og bæjarstæðið í grösugum hvammi, umkringdum hrjóstrugum klapparholtum, sem skorin eru af mýrarsundum inn á milli, upp af samnefndum víkum. Í heimatúninu, sem umkringt er túngarði úr torfi og grjóti, er að finna fjölda landbúnaðarminja auk annarra búsetuminja frá ýmsum tímum. Þar með taldar eru minjar frá tímum verslunar sem rekin var í Kúvíkum a.m.k. frá 1602, þegar einokun komst á í landinu, fram yfir aldamótin 1900 þegar verslun fluttist að Djúpvík (Birna Lárusdóttir ofl. 2004, 4-5).

Minjarnar verða að teljast í nokkuð góðu ástandi, en sérstaklega áberandi eru beðasléttur og áveitumannvirki þeim tengd, sem ná yfir stóran hluta heimatúnsins og bera vott um framsækna hugsun í landbúnaði.



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir heimatúnið í Kúvíkum og næsta nágrenni. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson.

Ef farið er út með ströndinni til austurs að landamerkjum mót Kambi má víða rekast á fleiri minjar tengdar búsetu á svæðinu og ber þar helst að nefna rústir áðurnefndra Halldórsstaða sem Kúvíkur tilheyrðu. Þar er annað heildstætt og nokkuð áberandi minjasvæði með bæjarhól, útihúsum, garðlögum og minjum tengdum sjósókn.

Verður minjasvæðið í Kúvíkum að teljast einstakt sökum góðrar varveislu og sýnileika minja.

Aðferðir

Heimildavinna og undirbúningur

Heimildavinna og undirbúningur vettvangsvinnu fólst í því að unnar voru upp hnitaskrár úr skráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands og þær færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn. Því næst voru búin til minjakort með fornleifanúmerum ætluð skrásetjurum á vettvangi, auk þess sem hnitaskrár var hlaðið niður á Garmin-staðsetningartæki. Loks var prentaður út úr fyrirliggjandi skýrslu sá hluti fornleifaskrárinnar sem átti við Kúvíkur, til glöggvunar fyrir skrásetjara á vettvangi.

Vettvangsvinna

Þegar komið var á vettvang, var svæðinu skipt upp á milli skrásetjara og hafði hver þeirra meðferðis fornleifaskrá, unna upp úr skýrslu Fornleifastofnunar Íslands, ásamt yfirlitskortum sem sýndu staðsetningar minja. Skrásetjarar notuðust svo við Garmin staðsetningartæki til að ganga kerfisbundið á þær fornleifar sem þeim hafði verið úthlutað, en fornleifarnar voru því næst mældar upp

með Trimble-Geoexplorer-6000 mælitæki, en jafnframt ljósmyndaðar með flýgildi, sem og á jörðu niðri.

Heimildamaður á staðnum var Valgeir Benediktsson, bóndi í Árnesi, sem er margfróður um minjar og sögu í Kúvíkum. Á hann bestu þakkir skildar fyrir veitta aðstoð.

Niðurstöður og fornleifaskrá


Alls voru skráðar 142 fornleifar á vettvangi sumarið 2020, en í eldri skráningunni var heildarfjöldi skráðra fornleifa í Kúvíkum 64. Má skýra þessa fjölgun fornleifa á eftirfarandi hátt. Nokkuð var um það að fornleifar sem áður voru skráðar sem hlutar af stærri minjaheildum, þ.e. undir einu fornleifanúmeri, væru nú skráðar sem sjálfstæðar einingar. Jafnframt var eitthvað um að áður óskráðar fornleifar fundust við yfirferð skrásetjara um jörðina, auk þess sem nokkrar bættust við út frá ábendingum heimildamanns.

Er eftirfarandi umfjöllun um fornleifarnar skipt í fjóra hluta eða svæði: Heimatún og nágrenni, austursvæði, vestursvæði og suðursvæði. Er umfjöllunin oftast í landfræðilegri röð og minjum lýst gróflega, en vísað í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands ses, þar sem það á við, varðandi ítarlegri umfjöllun. Ber að geta þess að munur getur verið á milli þessara tveggja skráninga á uppgefnum stærðum stakra mannvirkja, sem helgast af því að í skráningu Minjastofnunar var notast við nákvæmt mælitæki, á meðan rústir voru stikaðar í eldri skráningunni. Eins getur verið að nokkur munur sé á áttavísunum í lýsingum á fornleifum af sömu sökum.

Fornleifarnar eru auðkenndar samkvæmt númerakerfi Minjastofnunar. Byggist það á númeri verkefnis, sem í þessu tilviki er endurskoðun fornleifaskráningar í Kúvíkum (nr. 2334) og svo hlaupandi númeri inna þess. Dæmi: 2334-1 sem er túngarður umhverfis heimatúnið.

Heimatún og nágrenni

Alls eru skráð 71 fornleif í og við heimatúnið í Kúvíkum, en um er að ræða dæmigerðar búsetuminjar, þ.e. landbúnaðarminjar híbýli og sjóminjar, sem og minjar tengdar verslun á staðnum. Bæjarlækur Kúvíkna liggur um miðbik heimatúnsins frá suðvestri til norðausturs og skiptir því í tvo nokkurn veginn jafna parta og verður umfjöllun um heimatúnið, í samræmi við það skipt í tvo hluta, austan og vestan lækjar. Tvær undantekningar verða þó á þessu, en þær eru túngarðurinn sem umlykur allt heimatúnið og traðir sem eru beggja vegna lækjarins, en um þessar minjar verður fjallað með minjum austan lækjar.



Mynd 2: Yfirlit yfir uppmældar minjar í heimatúni Kúvíkna

Heimatún, austan bæjarlækjar

2334-1 garðlag túngarður

Heimatúnið í Kúvíkum er umlukið veglegum túngarði sem skráður er í nokkrum hlutum í skráningu Fornleifastofnunar Íslands, auðkennunum ST-004:086F, K N og V í (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 84-89). Er hann að hlaðinn úr torfi eða grjóti eða hvort tveggja. Víða eru rof í túngarðinn, til að mynda þar sem bæjarlækurinn rennur í gegnum hann, en einnig hafa víða verið hlið á honum. Virðist aðalhliðið á túngarðinum hafa verið þar sem akvegur kemur að Kúvíkum, en um það hefur legið fjölfarnasta leiðin heim að bæ. Hefur stórum steini verið komið fyrir í hliðinu, að líkindum til að hindra að ferðamenn aki bílum sínum þar í gegn. Einnig má nefna þvergarða sem liggja úr túngarðinum á nokkrum stöðum sem hafa ýmist þjónað hlutverki aðhalda eða haft að gera með stýringu á vatnsflæði innan hans. Túngarðurinn er að jafnaði um 1,5 m á breidd en þó eru hlutar sem eru allt að 3 m breiðir. Er hleðsluhæð hans mest um 1 m.

2334-3 garðlag gata traðir

Traðir liggja til norðausturs frá áðurnefndu aðalhliði og eru þær all greinilegar á um 150 m löngum kafla að þyrpingu verslunarminja sem eru nyrst fyrir miðju túni. Traðirnar eru niðurgrafnar á köflum en einnig eru garðhleðslur meðfram þeim ýmist öðrum megin eða beggja vegna (sjá mynd 2 hér að framan). Eru traðirnar skráðar undir auðkenninu ST-004:086Q í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands og má finna nánari lýsingu á þeim þar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 88).

2334-12 jarðræktarsvæði beðaslétta

Norðaustur af hesthústöft 2334-2 (sjá hér að neðan) er stórt jarðræktarsvæði með beðum sem liggja norðaustur-suðvestur. Er svæðinu skipt í tvennt af áveituskurði

2334-13 sem liggur austur-vestur og garðlagi 2334-7 (sjá hér að neðan) sem virðist myndað úr uppmokstri úr skurðinum. Er jarðræktarsvæði 2334-12 sunnan við skurð 2334-13 og afmarkast af honum að norðanverðu, túngarðinum að sunnaverðu jaðri túnsins að austanverðu og bæjarlæknum að vestanverðu. Er líklegt að lækurinn hafi verið stíflaður með lokum til þess að veita vatni yfir beðin, en í norðausturhorni jarðræktarsvæðisins er svo kerfi fjögurra smáskurða (2334-8, 9, 10 og 11) sem hafa verið hluti af áveitukerfinu sem og útskot úr túngarðinum sem liggur meðfram austurjaðri svæðisins. Kemur þetta jarðræktarsvæði ekki fyrir í skráningu Fornleifastofnunar.

2334-13 niðurgröftur áveita

Norðaustur af hesthústóft 2334-2 (sjá hér að neðan) er stórt svæði með beðum sem liggur norðaustur-suðvestur. Er svæðinu skipt í tvennt af áveituskurði 2334-13 og er svæðið sunnan hans skráð undir auðkenninu sem 2334-12 (sjá hér að framan) en norðursvæðið er skráð undir númerinu 2334-14.

Skurðurinn hefur greinilega haft það hlutverk að taka við vatni sem veitt hefur verið á suðursvæðið. Upphaf hans er við austurjaðar túnsins og liggur hann þá frá suðvestri til norðausturs í um 4 m, en eftir það beygir hann snögglega til vesturs og er með þá stefnu í um 48 m en sveigir svo til norðvesturs og endar í farvegi bæjarlækjarins eftir um 30 m. Er líklegt að flæði um skurðinn hafi verið stýrt með lokum, en þó sáust engin ummerki um þær.

Kerfi fjögurra smáskurða, sem hér eru skráðir sem 2334-8, 9, 10 og 11, opnast út í skurðinn, en það hefur haft það hlutverk að veita hefur vatni frá áðurnefndu suðursvæði.

Uppmokstur úr skurðinum hefur verið mótaður í garðlag sem liggur meðfram norðurjaðri hans, (skráð hér sem 2334-7), en það hefur líklega haft það hlutverk að halda vatni á norðursvæðinu (sjá 2334-14 hér að neðan).

Skurður 2334-13 er ekki skráður sérstaklega í skráningu fornleifastofnunar, en er þó merktur inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu sem hluti af jarðræktarsvæði 2334-14 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.)

2334-5 tóft matjurtagarður

Tóft eftir matjurtagarð er vestan við traðir 2334-3, nánar tiltekið um 80 m norðaustur af hesthústóft 2334-2 (sjá hér að neðan), á dálítilli flöt sem afmörkuð er af bæjarlæknum að vestan- og sunnanverðu, áveituskurði 2334-13 (sjá hér að neðan) að norðanverðu og tröðum 2334-3 að austanverðu. Er matjurtagarðurinn skráður sem ST-004:086R í skráningu Fornleifastofnunar og er að finna nánari lýsingu á honum þar (Birna Lárusdóttir 2005, 88).

2334-6 tóft útihús

Tóft af er austan við traðir 2334-3, á móts við matjurtagarð 2334-5. Er hún sambyggð áveitugarði sem hér er skráður undir númerinu 2334-7 (sjá hér að neðan) og myndar hann suðurvegg tóftarinnar. Er tóftin skráð undir auðkenninu ST-004:086S í skýrslu Fornleifastofnunar og talið að mögulega sé um leifar útihúss að ræða (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 88-89).

2334-7 garðlag áveita

Austan bæjarlækjar, norðaustur af hesthústóft 2334-2 (sjá hér að neðan) er stórt svæði með beðum sem liggja norðaustur-suðvestur. Er svæðinu skipt í tvennt af

áveituskurði 2334-13 (sjá hér að neðan), sem liggur austur-vestur og garðlagi 2334-7 sem virðist byggð úr uppmokstri úr skurðinum. Áveituskurðurinn er ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar, en hann er þó merktur inn á yfirlitskort sem hluti af jarðræktarsvæði 2334-14 sem er norðan við hann og skráð undir auðkenninu ST-004:086I (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85). Garðlag 2334-7 kemur hins vegar ekki fyrir og er hugsanlegt að það hafi verið túlkað sem uppmokstur úr skurðinum og því ekki skráð sem mannvirki. Þótt það sé vissulega gert úr uppmokstri þá hefur það greinilega verið mótað til og því ætlað til að stýra vatnsflæði, því er það skráð sérstaklega hér. Garðlagið liggur frá austurjaðri túnsins að tröðum 2334-3, en um 3 m langt rof er í það vestan við útihúsatóft 2334-6 og liggur skurður 2334-13 þar í gegn og áfram til norðvesturs, í gegnum traðirnar og út í bæjarlæk.

2334-8 niðurgröftur áveita

Grunnur áveituskurður liggur þvert á áveituskurð 2334-13 (sjá hér að neðan) um 8 m austur af útihúsatóft 2334-6. Er hann um 30 m á lengd og er hluti af kerfi fjögurra smáskurða (2334-8, 9, 10 og 11) sem hefur haft það hlutverk að veita vatni frá jarðræktarsvæði 2334-12 (sjá hér að framan) yfir í áveituskurð 2334-13. Er þessi skurður ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og ekki merktur inn á uppdrætti af svæðinu.

2334-9 niðurgröftur áveita


Áveituskurður liggur þvert á áveituskurð 2334-13 (sjá hér að neðan), um 6 m austan við áveituskurð 2334-8. Er hann um 30 m á lengd og er hluti af kerfi fjögurra smáskurða (2334-8, 9, 10 og 11) sem hefur haft það hlutverk að veita vatni frá jarðræktarsvæði 2334-12 (sjá hér að framan) yfir í áveituskurð 2334-13. Er þessi skurður ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og ekki merktur inn á uppdrætti af svæðinu.

2334-10 niðurgröftur áveita

Áveituskurður 2334-10 liggur í austur frá áveituskurði 2334-9 í um 5 m en eftir það byrjar hann að sveigja til norðurs og endar svo í áveituskurði 2334-13 (sjá hér að neðan). Heildarlengd skurðarins er um 29 m en hann er hluti af kerfi fjögurra smáskurða (2334-8, 9, 10 og 11) sem hefur haft það hlutverk að veita vatni frá jarðræktarsvæði 2334-12 (sjá hér að framan) yfir í áveituskurð 2334-13. Er þessi skurður ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og ekki merktur inn á uppdrætti af svæðinu.

2334-11 niðurgröftur áveita

Áveituskurður 2334-11 liggur austur-vestur, þvert á miðjan áveituskurð 2334-10 og er hann um 11 m á lengd. Er hann hluti af kerfi fjögurra smáskurða (2334-8, 9, 10 og 11) sem hefur haft það hlutverk að veita vatni frá jarðræktarsvæði 2334-12 (sjá hér að framan) yfir í áveituskurð 2334-13. Er þessi skurður ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og ekki merktur inn á uppdrætti af svæðinu.



Mynd 3: Minjar sunnavert á svæðinu austan bæjarlækjar í heimatúninu.

2334-14 jarðræktarsvæði beðaslétta

Norðaustur af hesthústóft 2334-2 (sjá hér að neðan) er stórt jarðræktarsvæði svæði með beðum sem liggja norðaustur-suðvestur. Er svæðinu skipt í tvennt af áveituskurði 2334-13 sem liggur austur-vestur og garðlagi 2334-7 sem virðist byggt úr uppmokstri úr skurðinum (sjá hér að framan). Er jarðræktarsvæði 2334-14 norðan við skurð 2334-13 og afmarkast af honum að sunnanverðu, tröðum 2334-3 að vestanverðu, áveituskurði 2334-15 (sjá hér að neðan) að norðanverðu og jaðri túnsins að austanverðu. Kerfi samtengdra skurða liggur um svæðið sem stýrt hafa vatnsflæði um það (sjá 2334-15, 16, 17, 120, 132 og 133). Er jarðræktarsvæðið skráð undir auðkenninu ST-004:086I í skráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85-90.)

2334-15 niðurgroftur áveita

Skurður 2334-16 liggur meðfram norðurjaðri jarðræktarsvæðis 2334-14. Er hann um 77 m langur. Opnast vesturendi hans í farveg bæjarlækjarins en austurendinn opnast í lækjarfarveg sem liggur meðfram austanverðu jarðræktarsvæðinu og út í sjó. Skurðurinn er ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar, en er merktur inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.). Er hann hluti af kerfi samtengdra skurða sem stýrt hafa vatnsflæði um jarðræktarsvæði 2334-14 og líklega ætlað að taka við vatni frá því.

2334-16 niðurgroftur áveita

Skurður 2334-17 liggur austsuðaustur-vestnorðvestur um mitt jarðræktarsvæði 2334-14 og tengist skurði 2334-15 (sjá mynd 5 hér að neðan). Er hann hluti af kerfi áveituskurða sem ætlað hefur verið að stýra vatnsflæði um jarðræktarsvæðið. Skurðurinn er ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar, en er að hluta til merktur inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.).

2334-132 niðurgröftur áveita.

Skurður 2334-132 liggur suðvestur-norðaustur um vestanvert jarðræktarsvæði 2334-14. Tengist suðvesturendi hans skurði 2334-13 (sjá hér að framan) en norðausturendi hans opnast í skurð 2334-15 og þverar hann skurð 2334-16 á þeirri leið. Skurðurinn kemur ekki fyrir í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-17 niðurgröftur áveita

Skurður 2334-17 liggur til vestnorðvesturs frá um það bil miðjum skurði 2334-132, í gegnum traðir 2334-3 og í farveg bæjarlækjarins. Er þessi skurður ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar, en er þó merktur inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.).

2334-133 niðurgröftur áveita

Skurður 2334-133 liggur í norðaustur frá skurði 2334-16, um austanvert jarðræktarsvæði 2334-14 og endar í lækjarfarvegi sem liggur meðfram austurjaðri jarðræktarsvæðisins. Skurðurinn er ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar en hluti hans kemur þó fyrir á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.).

2334-120 niðurgröftur áveita

Skurður 2334-120 liggur í austsuðaustur frá skurði 2334-133 og endar í lækjarfarvegi sem liggur meðfram austanverðu jarðræktarsvæði 2334-14. Skurðurinn er ekki skráður sérstaklega í skráningu Fornleifastofnunar en hluti hans kemur þó fyrir á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.).

2334-18 tóft fjós híbýli

Sá hluti heimatúnsins sem er norðan við skurð 2334-15 en austan við bæjarlækinn er gjarnan nefndur „Á hlaðinu“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85.) og er tóft 2334-18 staðsett í suðvesturhorni þess, fast norðan við skurðinn. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:086B og kemur fram að hún sé eftir fjós, en einnig sagt að loft hafi verið yfir fjósinu þar sem hafi verið búið um tíma. Lítil tóft er sambyggð tóftinni að austanverðu og er hún eftir hænsnakofa (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.). er tóft hænsnakofans skráð hér sérstaklega undir númerinu 2334-19. Tóft 2334-18 er einföld með dyr nyrst á vesturvegg.

2334-19 tóft hænsnakofi

Tóft 2334-19 er sambyggð tóft 2334-18 við suðausturhorn. Tóftin er einföld með dyr á norðurvegg og gegndi hún hlutverki hænsnakofa samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Er hún skráð þar með tóft 2334-18, undir auðkenninu ST-004:086B (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.).

2334-20 tóft híbýli

Tóft 2334-20 er um 15 m austur af tóft 2334-19. Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar er um að ræða leifar af íbúðarhúsi Jakobs Thorarensens sem „...var aflangt timburhús, líklega á einni hæð, en með rislofti, sem snéri norður-suður“. Er tóftin skráð þar undir auðkenninu ST-004:086C (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.).

2334-21 þúst öskuhaugur

Öskuhaugur 2334-21 er staðsettur um 11 m norðvestur af tóft 2334-18. Öskuhaugurinn er skráður undir auðkenninu ST-004:086D í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Þar kemur fram að styrkur hafi fengist til rannsóknar á honum sumarið 2004 og er aðeins tæpt á helstu niðurstöðum: „Kom í ljós að hann

[haugurinn] er allt að 2 m djúpur og samanstendur af móösku, viðarkolum og úrgangi af ýmsu tagi. Fjöldi gripa fannst við uppgröftinn en enginn þeirra reyndist mikið eldri en frá því um miðja 19.öld“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.).

2334-22 niðurgröftur-hleðsla súrheysgryfja

Hringlaga gryfja, fóðruð með grjóthleðslum, er um 9 m norðaustur af öskuhaug 2334-21 og rétt vestan við verslunarhús 2334-24 (sjá hér að neðan). Gryfjan er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en hún kemur þó fyrir í umfjöllun um verslunarhúsið. Þar segir:

„Hún [gryfjan] er nálægt 3 m í þvermál, upphlaðin að innan og allt að 1,3 m djúp, en algróin í botni. Leifar af e k. rás liggja frá gryfjunni til vesturs, fram af bakka sem þar er og út í bæjarlækinn. Gryfjan líkist brunni en staðsetningin verður þó að teljast heldur ólíkleg, brunnur hefði sjálfsagt verið hafður lægra og nær læknum. Hugsanlega hefur þetta verið súrheysgryfja“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.).

2334-23 niðurgröftur-hleðsla brunnur

Hringlaga gryfja er fast upp við austurvegg tóftar 2334-24 (verslunarhúsið, sjá hér að neðan), nálægt suðaustur horni hennar. Gryfjan er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en hún kemur þó fyrir í umfjöllun um verslunarhús 2334-24 og er talið hugsanlegt að um sé að ræða leifar af brunni (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86.).

2334-24 tóft verslunarhús

Tóft 2334-24 er staðsett um 12 m norðaustur af tóft 2334-18 og um 13 m vest-norðvestur af tóft 2334-20. Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar er um að ræða rúst aðal verslunarhússins í Kúvíkum. Er tóftin skráð undir auðkenninu ST-004-086A í fornleifaskráningu fornleifar og er henni lýst þar nokkuð ítarlega (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85-86).

2334-25 garðlag gata traðir


Traðir 2334-25, liggja meðfram austurvegg verslunarhúss 2334-24 niður í fjöru. Afmarkast þær af húsveggnum að vestanverðu en torf- og grjóthlöðnu garðlagi að austanverðu sem tengist túngarði 2334-1. Traðirnar eru ekki skráðar sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og eru þeim ekki gerð skil í umfjöllun um verslunarhúsið og nærliggjandi minjar.



Mynd 4: Yfirlitsmynd úr flýgildi sem sýnir rústir verslunarhússins, rústir íbúðarhúss Jakobs Thorarensens (2334-20) og nálægar minjar. Eru rústir verslunarhússins í forgrunni (2334-24), en rústir íbúðarhússins eru þar fyrir aftan til vinstri.

2334-26 heimild bryggja

Aðalbryggja verslunarstaðarins í Kúvíkum var fram af verslunarhúsi 2334-24. Hennar sjást nú engin merki. Bryggjan er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar en þó er fjallað um hana í almennri umfjöllun um verslunarhúsið og nærliggjandi byggingar og minnst á stórgrýti „...sem gæti hafa verið í undirstöðum“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86).



Mynd 5: Norðanvert á svæðinu austan bæjarlækjar í heimatúninu.

2334-27 tóft fjárhús

Tóft 2334-27 er fram á sjávarbakka um 55 m austur af verslunarhúsi 2334-24. Er hún skráð undir auðkenninu ST-004:086E í skráningu og talið að hún sé líklega eftir fjárhús (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 86-87). Tóftin er einföld, með dyrum á miðjum austurvegg. Hún er opin í norðurenda, en á ljósmynd Hjalms R. Bárðarsonar frá 1939 má sjá að timburgafl hefur verið á þessu húsi að norðaverðu.



Mynd 6: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-27. Horft í suður.

2334-28 rutt svæði uppsátur

Sporöskjulaga skarð er í sjávarbakkann um 45 m austnorðaustur af tóft 2334-27. Lítur það út fyrir að vera manngert og er að líkindum um að ræða ummerki um uppsátur. Uppsátrið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-29 rutt svæði uppsátur

Sporöskjulaga skarð er í sjávarbakkann um 43 m austsuðaustur af uppsátri 2334-28, sem lítur út fyrir að vera manngert. Er að líkindum um að ræða annað uppsátur. Það er þó ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-63 tóft húsgrunnur hýbýli

Áberandi húsgrunnur, steinsteyptur að mestu, en með grjóthlöðnum kjallara, er um 9 m suður af uppsátri 2334-28. Húsgrunnurinn er skráður undir auðkenninu ST-004:086T í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að um sé að ræða íbúðarhús kaupmannsins Carls Jensen sem flutt var af grunni sínum og stendur nú í Kaldbaksvík. Í umfjöllun Fornleifastofnunar kemur jafnframt fram að lítil verslun hafi verið austan við íbúðarhúsið en hennar sjáist nú „lítil eða engin merki“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89).



Mynd 7: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af húsgrunni 2334-63. Horft í suður.



Mynd 8: Íbúðarhús Carl Jensen (2334-63), þar sem það stendur nú við Kaldbaksvík. Horft í austnorð-austur

2334-30 tóft hænsnakofi

Einföld tóft, opin í norðurenda, er um 10 m suður af tóft 2334-63. Er tóftin skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:086U og kemur þar fram að hún sé af hænsnakofa (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89).



Mynd 9: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af hænsnakofatóft 2334-30. Er rústin römmuð inn af hluta túngarðs 2334-1. Horft í suður.

2334-62 tóft fjárhús

Tóft með steypum veggjum er um 17 m austur af leifum íbúðarhúss Carls Jensen (2334-63). Er tóftin skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:086X og kemur þar fram að um sé að ræða leifar af fjárhúsi „...sem sagt er að nokkrir Færeyingar, sem voru strandaglópar á Kúvíkum veturlangt, hafi reist gegn því að fá húsaskjól“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89).



Mynd 10: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-62. Horft í suður.

2334-134 húsgrunnur óþekkt

Lækur rennu til norðurs, fast austan við fjárhústóft 2334-61, en rétt handan hans er hlaðinn upphækkaður pallur, sem líklega eru leifar húsgrunns. Hálfhruninn steypur veggur, um 7 m að lengd, liggur til austurs frá suðaustur-horni húsgrunnnsins annar samsíða honum, um 1,5 m sunnar, torfhlaðinn, sem er um 8 m að lengd. Virðast báðir veggirnir tengdir húsgrunninum og eru þeir því skráðir með honum hér. Á ljósmynd frá árinu 1939, eftir Hjálmar R. Bárðarson, má greina timburhús, að því er virðist, á svipuðum slóðum (Sarpur-HRB4-_1151). Húsgrunnur þessi er ekki skráður sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en hann kemur þó fyrir í umfjöllun um tóft 2334-61 (sjá hér að neðan) en ekki kemur þó fram hvert hlutverk hússins hefur verið (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89).

2334-61 tóft óþekkt

Tóft úr torfi og grjóti er fast austan við austurenda veggjanna sem skráðir eru með húsgrunni 2334-134. Tóftin, sem er tvöföld, er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:086 Y, en ekki kemur fram þar hvert hlutverk hennar hefur verið (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89).



Mynd 11: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af tóft 2334-61 og húsgrunni 2334-134. Hort í suður.

2334-60 tóft sláturhús matjurtagarður

Einföld grjóthlaðin tóft er fram á sjávarbakka um 9 m norðaustur af tóft 2334-61. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:086Z í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að um hafi verið að ræða timburhús sem gegndi hlutverki sláturhúss (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89). Húsið sést vel á áður-nefndri ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar frá 1939. Þar má einnig sjá tvær samtengdar skúrbyggingar (sjá 2334-135 og 136 hér að neðan) sem standa þétt upp við húsið að austanverðu, en þó aðeins norðar og bryggju (sjá 2334-137 hér að neðan) fram undan þeim (Sarpur-HRB4-1151). Ummerki um skúrbyggingarnar og bryggjuna eru nú alveg horfin, en í tóft sláturhússins má sjá votta fyrir beðum, sem bendir til þess að tóftin hafi verið nýtt sem matjurtagarður eftir að húsið var rífið.



Mynd 12: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af tóft 2334-60 (sláturhús/matjurtagarður). Horft í suður.

2334-135 heimild skemma

Á ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar frá 1939 (Sarpur-HRB4-1138) má sjá langa skúrbyggingu rétt norðaustan við sláturhús 2334-60 og bryggju út frá henni (sjá 2334-136). Virðist vera um sjóhús, eða skemmu að ræða, en engin merki hennar eru nú sjáanleg og virðist hafa brotnað nokkuð af strandlínunni frá því að ljósmyndin var tekin. Bygging þessi er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar en minnst er á hana í umfjöllun um sláturhús 2334-60 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89). Staðsetning byggingarinnar var merkt inn á loftmynd út frá áður nefndri ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar.



Mynd 13: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af minjum í austasta hluta heimatúnsins. Húsgrunnur íbúðarhúss Carl Jensen (2334-63) er fyrir miðri mynd. Horft í suður.

2334-136 heimild bryggja

Á ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar frá 1939 (Sarpur-HRB4-1138) má sjá langa skúrbyggingu (sjá 2334-135) rétt norðaustan við sláturhús 2334-60 og bryggju út frá henni. Virðist hafa verið um timburbryggju að ræða en hennar sjást nú engin merki, enda virðist nokkuð hafa brotnað af strandlínunni frá því ljósmyndin var tekin. Bryggjan er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en minnst er á hana í umfjöllun um sláturhús 2334-60 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89). Staðsetning bryggjunnar er merkt inn á loftmynd út frá áður nefndri ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar.

2334-59 þúst dys

Meint dys er um 20 m austsuðaustur af sláturhústóft 2334-60. Er hún skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:037. Kemur þar fram að sagt hafi verið að þar væri dysjaður maður sem dáið hafi á skipi og að sú venja hafi skapast að kasta steini í hana þegar farið var hjá henni. Kemur einnig fram að engar hleðslur séu sýnilegar „...né um merki um smásteina sem hent hefur verið í dysina“ og sagt að staðurinn virðist eingöngu vera náttúrumyndun (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 70). Slegið var þó uppmælingu á hina ætluðu dys við vettvangsskráningu 2020.



Mynd 14: Uppmælingar, á loftmynd, af minjum í austasta hluta heimatúnsins.

Heimatún, vestan bæjarlækjar.

2334-2 tóft hesthús

Tóftin, sem er tvöföld, er sambyggð túngarðinum að innanverðu, tæpa 10 m austur af aðalhliðinu. Er tóftin skráð undir auðkenninu ST-004:86P í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og má finna nánari lýsingu á henni þar, er hún talin vera af hesthúsi (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 88).

2334-4 jarðræktarsvæði beðaslétta

Jarðræktarsvæði með beðum eru áberandi í heimatúninu. Er eitt slíkt svæði í þríhyrndu stykki norðan við hesthústóft 2334-2, sem afmarkast af tröðum 2334-3 að vestanverðu og farvegi bæjarlækjarins sem liggur norður-suður að austanverðu. Beðin sjálf eru á svæði sem er um 20x30 m að stærð og er það skráð sem ST-004:086IV í skráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 88)



Mynd 15: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af hesthústóft 2334-2 og jarðræktarsvæði 2334-4. Horft í suðvestur.

2334-104 þúst óþekkt

Þúst, mögulega manngerð, er upp við innanverðan túngarð 2334-1, um 16 m norðvestan við farveg bæjarlækjarins þar sem hann fellur inn á túnið. Þústin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og er ekki ljóst hvert hlutverk hennar hefur verið.

2334-66 tóft fjárhús

Tóft, grjóthlaðin að mestu, er sambyggð túngarði 2334-1 að innanverðu um 32 m norðvestur af þúst 2334-104. Er hún skráð undir auðkenninu ST-004:0860 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 88). Tóftin, sem er tvöföld, er með norðaustur-suðvestur stefnu og má greinilega sjá ummerki um garða í því hólfi sem er nær túngarðinum.



Mynd 16: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-66. Á myndinni sést einnig hluti af túngarði 2334-1. Horft í norðaustur.

2334-72 niðurgröftur brunnur

Óljós niðurgröftur, líklega ummerki um brunn, er um 57 m austnorðaustur af þúst 2334-104. Brunnurinn, sem er um 3 m í þvermál er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-80 tóft matjurtagarður

Leifar af matjurtagarði eru um 10 m vestnorðvestur af brunni 2334-72. Matjurtagarðurinn er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Hleðslur garðsins eru fremur óljósar, um 0,1-0,3 m á hæð og um 1 m á breidd, en hann virðist skiptast í tvö megin hólf sem eru opin til austurs.

2334-82 niðurgröftur framræsla

Handgrafinn skurður, um 0,4-0,6 m djúpur og 2 m breiður, liggur fast vestan við matjurtagarð 2334-80. Er hægt að rekja hann með nokkuð góðu móti frá suðvesturhorni matjurtagarðsins um 106 m til norðausturs en eftir það er hann ógreinilegur, þar til hann birtist aftur fast handan túngarðsins og má þá rekja hann nánast til sjávar. Hefur skurðurinn að líkindum legið undir túngarðinum um ræsi, en ummerki ræsisins eru þó ekki greinileg. Ekki er hægt að sjá neitt samhengi á milli skurðarins og beðaslétta í næsta nágrenni og því er að líkindum um framræsluskurð að ræða fremur en áveitu. Skurðurinn er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fram í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitskorti af heimatúninu.

2334-81 jarðræktarsvæði beðaslétta

Tvö jarðræktarsvæði, með beðum eru vestan við framræsluskurð 2334-82. Eru þau með nokkurn veginn norður-suður stefnum og ótengd. Um 11 m eru á milli svæðanna og er syðra svæðið, sem hér er til umfjöllunar, um 23 m á lengd og um 7 m á breidd, en það nyrðra (2334-114) er um 36 m á lengd og um 12 m á breidd. Ekki er hægt að greina áveituskurði tengda þessum jarðræktarsvæðum, en lítill náttúrulegur lækjarfarvegur, sem hægt er að rekja frá suðurjaðri heimatúnsins til norðurs, allt til sjávar, liggur í gegnum beðasléttarnar. Er ekki ólíklegt að hann

hafi verið nýttur til þess að veita vatni á þær. Hvorugt þessara jarðræktarsvæða er skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en það nyrðra er þó teiknað inn á yfirlitskort af svæðinu og þá eins og um skurði sé að ræða fremur en beð (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85).

2334-114 jarðræktarsvæði beðaslétta

Tvö jarðræktarsvæði, með beðum, eru vestan við framræsluskurð 2334-82. Eru þau með nokkurn vegin norður-suður stefnum og ótengd. Um 11 m eru á milli svæðanna og er syðra svæðið (2334-81) um 23 m á lengd og um 7 m á breidd, en það nyrðra, sem hér er til umfjöllunar, er um 36 m á lengd og um 12 m á breidd. Ekki er hægt að greina áveituskurði tengda þessum jarðræktarsvæðum, en lítill náttúrulegur lækjarfarvegur, sem hægt er að rekja frá suðurjaðri heimatúnsins til norðurs, allt til sjávar, liggur í gegnum beðaslétturnar. Er ekki ólíklegt að hann hafi verið nýttur til þess að veita vatni á þær. Þessi jarðræktarsvæði eru ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en það nyrðra er þó teiknað inn á yfirlitskort af svæðinu og þá eins og um skurði sé að ræða fremur en beð (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85).

2334-70 tóft fjárhús

Tóft er 14 m vestur af jarðræktarsvæðum 2334-81 og 2334-114. Tóftin sem liggur nokkurn vegin norður-suður, er tvöföld, og er nyrðra hólfið með hlöðnum garða í miðju, en syðra hólfið er líklegast leifar hlöðu. Fjárhús þetta var uppistandandi árið 1939 og sést það ágætlega á ljósmynd Hjálmars R. Bárðarsonar frá því ári (Sarpur-HRB4-1139). Tóftin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:086M (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 87-88).



Mynd 17: Yfirlitsmynd úr flýgildi af fjárhústóft 2334-70. Á myndinni sést einnig í jarðræktarsvæði 2334-81 og 2334-114. Horft í suður.

2334-122 niðurgröftur framræsla

Handgraffinn skurður er um 20 m austan við skurð 2334-82. Liggur hann eins og síðarnefndi skurðurinn og er hægt að rekja hann til norðausturs frá brunni 2334-72 í um 111 m en eftir það er hann illgreinanlegur í um 7 m eða þar til hann birtist aftur undan túngarðinum og liggur til sjávar. Eru nokkuð greinileg ummerki um ræsi (sjá 2334-121 hér að neðan) sem legið hefur undir túngarðinn. Skurðurinn er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fram í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-121 niðurgröftur/hleðsla ræsi

Ræsi 2334-121 er þar sem skurður 2334-122 liggur undir túngarðinn og má sjá ummerki um grjóthleðslur í því. Ræsið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fram í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-83 jarðræktarsvæði beðaslétta

Þrjú jarðræktarsvæði með beðum, eru rétt austan við framræsluskurð 2334-122. Eru þau á svæði sem afmarkast af skurðinum að vestanverðu, tveimur garðlögum að sunnan og norðanverðu (sjá 2334-137 og 2334-73 hér að neðan), en bæjarlæknum að austanverðu. Tveir áveituskurðir (sjá 2334-123 og 2334-124 liggja einnig um svæðið sem hafa haft það hlutverk að veita vatni til og frá jarðræktarsvæðunum. Jarðræktarsvæði 2334-83 er vestast og samanstendur af fjórum beðum sem öll eru með norðaustur-suðvesturstefnu. Þetta jarðræktarsvæði kemur ekki fyrir í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en það er um 24 m á breidd og um 105 m á lengd og afmarkast af garðlagi 2334-73 að norðanverðu en af garðlagi 2334-137 að sunnanverðu.

2334-85 jarðræktarsvæði beðaslétta

Jarðræktarsvæði 2334-85 er fast austan við jarðræktarsvæði 2334-83 og skerst inn í það á kafla, en er afmarkað af áveituskurði 2334-123 (sjá hér að neðan) að austanverðu. Svæðið er um 50 m á lengd, mest um 34 m á breidd og samanstendur af 8 beðum sem eru með austsuðaustur-vestnorðvestur stefnu. Jarðræktarsvæði þetta er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:086II og er jafnframt teiknað inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 90).

2334-123 niðurgröftur áveita

Handgraffinn skurður liggur í sveig frá garðlagi 2335-137 (sjá hér að neðan) í suðri, til norðausturs að farvegi bæjarlækjarins, fast austan við jarðræktarsvæði 2334-85 og hefur haft það hlutverk að veita vatni frá því. Skurðurinn er ekki skráður sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en kemur fyrir í umfjöllun um jarðræktarsvæði 2334-85 undir skráningarnúmerinu ST-004:086 II, auk þess sem hann er teiknaður inn á yfirlitsteikningu af heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 90).

2334-124 niðurgröftur áveita

Handgraffinn skurður er um 11 m austur af áveituskurði 2334-123 og liggur hann í sveig úr suðri, frá farvegi lækjar sem tengist bæjarlæknum skammt þar frá, til norðausturs og endar í bæjarlæknum eftir um 70 m. Hefur skurðurinn að líkindum haft það hlutverk að veita vatni á jarðræktarsvæði 2334-84 (sjá hér að neðan) sem er fast austan við skurðinn. Er ekki ólíklegt að loka eða stífla hafi verið í lækjarfarveginum, hugsanlega á mótum hans og bæjarlækjarins svo hægt væri að safna upp vatni til að veita í áveituskurðinn. Áveituskurður 2334-124 er ekki

skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur hvorki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar, né yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-84 jarðræktarsvæði beðaslétta

Jarðræktarsvæði er fast austan við áveituskurð 2334-124. Svæðið, sem er um 40 m á lengd og mest um 18 m á breidd, samanstendur af 10 beðum, 5 m breiðum, sem eru með austsuðaustur legu. Ná beðin frá áveituskurði 2334-124, að bæjarlæknum og opnast rásirnar á milli þeirra út í hann. Jarðræktarsvæði þetta er skráð með jarðræktarsvæði 2334-85 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:086II (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 90).

2334-137 garðlag áveita

Svæðið vestan bæjarlækjarins, þar sem er að finna jarðræktarsvæði 2234-83, 84 og 85 afmarkast af garðlagi 2334-137 að sunnanverðu, en garðlagi 2334-73 að norðanverðu. Garðlag 2334-137 er um 46 m langt, um 1,6 m á breidd þar sem það er breiðast og um 1 m á hæð. Garðlagið liggur meðfram bakka lækjarfarvegar sem er með nokkurn vegin vestsuðvestur-austnorðaustur stefnu en tengist bæjarlæknum. Hefur garðlagið að greinilega gegnt hlutverki áveitu það en skiptist það í tvo parta og sá vestari um 24 m að lengd en sá eystri, um 20 m. Um 2 m breitt skarð er á milli partanna og má gera því skóna að þar hafi verið loka sem stýrt hafi vatnsflæði inn á jarðræktarsvæði 2334-83 og 2334-85. Af þeim sökum er ekki ólíklegt að stífla eða loka hafi verið í lækjarfarveginum, hugsanlega nálægt austur-enda garðlagsins, svo hægt væri að safna upp vatni sem veitt var í gegnum lokuna á áveitugarðinum. Garðlagið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-73 garðlag áveita

Svæðið vestan bæjarlækjarins, þar sem er að finna jarðræktarsvæði 2234-83, 84 og 85, afmarkast af garðlagi 2334-137 að sunnanverðu, en garðlagi 2334-73 að norðanverðu. Garðlag 2334-73 er nú einungis greinanlegt í bútum en virðist hafa verið um 42 m á lengd þegar best lét, um 1,7 m á breidd þar sem það er breiðast og um 0,5 m á hæð. Virðist það hafa haft það hlutverk að halda vatni á áður-nefndum jarðræktarsvæðum, en sú röskun sem á því hefur orðið, gerir það þó að verkum að erfitt er að sjá hvort lokur hafi verið á því til að stýra vatnsflæði frá svæðinu, þótt gera megí úr því skóna að svo hafi verið. Garðlagið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-31 áletrun óþekkt

Steinn með áletrun er norðarlega á jarðræktarsvæði 2334-83 um 15 m suður af áveitugarði 2334-73. Steinninn er skráður undir auðkenninu ST-004:086P í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að á honum hafi staðið eftirfarandi orð: „Mikið gull er undir mér“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 89-90). Áletrunin var orðin talsvert óskýr þegar skrársetjarar Fornleifastofnunar voru á ferðinni í Kúvíkum og hefur fölnað enn frekar síðan þá, ef bornar eru saman ljósmyndir af steininum frá 2004 og 2020.



Mynd 18: Nærmynd af áletrun 2334-81.



Mynd 19: Uppmælingar, á loftmynd, af minjum í heimatúninu, austast á svæðinu vestan bæjarlækjar.

2334-86 tóft smiðja

Einföld tóft, opin í norðurenda, er um 12 m vestur af austurenda garðlags 2334-73. Er hún skráð undir auðkenninu ST-004:086H í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Kemur þar fram að um tóft eftir smiðju sé að ræða og svæðið sem hún standi á heiti Smiðjupartur (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 84, 90).

2334-87 tóft naust

Tvískipt tóft er fram á sjávarbakka, um 4 m norður af smiðjutóft 2334-86 og eru bæði hólfi hennar opin til sjávar. Tóftin er skráð í fornleifaskráningu

Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:86G og kemur þar fram að hún sé eftir naust, eða bátaskýli (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 84,86)

2334-125 gata leið

Greinileg gata liggur, frá suðausturhorni smiðjutóftar 2334-86, til austsuðausturs, austur yfir bæjarlækin, en hverfur þar eftir um 5 m. Ekki er ljóst hvort brú hefur verið yfir lækin, enda sjást nú engin slík merki, eða hvort farið hefur verið yfir lækin á vaði. Gatan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.

2334-74 hleðsla húsgrunnur óþekkt

Húsgrunnur, grjóthlaðinn að hluta, virðist vera um 14 m vestur af nausti 2334-87. Er um að ræða sléttað svæði um 5,5 x 6 m að stærð og eru norður og austur kantar þess greinilega grjóthlaðnir, en hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Þessi húsgrunnur er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur hann ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.



Mynd 20: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Smiðjuparti. Naust 2334-87 er í forgrunni en smiðjutóft 2334-86 er þar fyrir aftan. Horft í suður.

2334-75 tóft óþekkt

Tvær óskýrar tóftir, með óþekkt hlutverk, eru sambyggðar túngarðinum að norðanverðu (utanverðu), um 22 m vestnorðvestur af húsgrunni 2334-74 og eru um 0,5 m á milli þeirra. Tóft 2334-75 er sú eystri, en hún er um 4 x 2,5 m að stærð, með austur-vestur stefnu og er hleðluhæð hennar mest um 0,3 m, en þykkt veggja er um 0,6 m. Hvorug þessara tófta er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og koma þær ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitsteikningu af minjum í túninu.

2334-76 tóft óþekkt

Tvær óskýrar tóftir, með óþekkt hlutverk, eru sambyggðar túngarðinum að norðanverðu (utanverðu), um 22 m vestnorðvestur af húsgrunni 2334-74 og eru um 0,5 m á milli þeirra. Tóft 2334-76 er sú eystri og er hún um 4,5 x 2,5 m að stærð, með austur-vestur stefnu og er hleðsluhæð hennar mest um 0,4 m en þykkt veggja er um 0,6 m. Hvorug þessara tófta er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og koma þær ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitsteikningu af minjum í túninu.

2334-77 tóft fjárhús

Tóft eftir fjárhús með hlöðu, með grjóthlöðnum veggjum, er fremst á sjávarbakka um 20 m norður af tóftum 2334-75 og 2334-76. Er tóftin nokkurn veginn með norður-suður legu og er hlöðutóftin nær sjónum. Fjárhústóftin er með hlöðnum garða sem liggur eftir henni miðri og eru dyr syðst á austurvegg. Engar greinilegar dyr eru á hlöðutóftinni. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:086I í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 87)

2334-78 tóft bræðsluhús

Tóft er neðst í halla fram á sjávarbakka, um 10 m austur af fjárhústóft 2334-77. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:086J í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Kemur þar fram að mannvirkið hafi tengst bræðslu, enda má enn sjá þar leifar af bræðslupotti í tóftinni. Er sú tilgáta jafnframt lögð fram að mannvirkið hafi hugsanlega aldrei verið undir þaki, heldur hafi það einungis verið umgjörð utan um bræðslupottinn. Er svæðið sem leifar bræðsluhússins og fjárhúss 2334-77 er á, gjarnan nefnt Bræðslupartur. (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 87)

2334-79 dæld óþekkt

Skeifulaga dæld, opin til vesturs er um 7 m suður af tóft 2334-78. Ekki er alveg ljóst hvort hún er manngerð eða náttúruleg, en hún er staðsett ofarlega í smá halla, ofan við tóft bræðsluhússins og gæti tengst þeirri starfsemi sem þar fór fram, en svæðið þar sem þessi tvö mannvirki er að finna nefnist Bræðslupartur. Dældin sem er um 6 m í þvermál, er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur hún ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar, eða á yfirlitsteikningu af minjum í túninu.

2334-71 hleðsla hjallur

Leifar af hjalli eru á klettóttum odda, um 33 m vestnorðvestur af fjárhústóft 2334-77. Er um að ræða tvær grjóthleðslur, ótengdar, sem myndað hafa austurhlið hjallsins en klettaveggur hefur myndað vesturhlið. Hjallur þessi er ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu og næsta nágrenni.

2334-69 Gíslahús tóft híbýli

Tvöföld tóft er um 50 m vestsuðvestur af fjárhústóft 2334-77 og er hún með nokkur veginn austur-vestur legu. Er vestara hólfið um 5 x 5 m að stærð, með dyr


sunnarlega á austurgafli, en vestara hólfið er um 8 x 8 m að stærð, með dyr austarlega á norðurvegg. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:086L í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og sögð kennd við Gísla Gíslason mann Vatnsenda-Rósu sem dvaldi í Kúvíkum um tíma. Er hóllinn sem tóftin er á nefndur Gíslahúshóll. Í skráningunni er ekki getið um hlutverk tóftarinnar og virðist minna hólfið vera túlkað sem það sé af húsi en það stærra sem sambyggt gerði. (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 84, 87) Hér er tóftin túlkuð á þann hátt að bæði hólfin hafi verið undir þaki.

2334-68 tóft óþekkt

Tóft er fast vestan við tóft 2334-69. Er hún um 6 x 6 m á stærð, en veggir hennar eru talsvert óskýrir. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið og er hún ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar en kemur fyrir í umfjöllun um Gíslahús, og þá sem dæld sem talin er ummerki um torfhús (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 84, 87).



Mynd 21: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Bræðsluparti (vinstra megin) og Gíslahúshól (hægra megin). Horft í suður.



Mynd 22: Uppmælingar á loftmynd, af minjum á Gíslahúshól og Bræðsluparti.

2334-113 jarðræktarsvæði beðaslétta

Jarðræktarsvæði með greinilegum beðum er vestarlega í heimatúninu, um 50 m vestur af fjárhústóft 2334-70 (sjá hér að framan) og um 17 m austur af sumarbústað sem stendur vestast í túninu. Svæðið, sem er með norður-suður legu, er um 20 x 40 m að stærð og er breidd beðanna að jafnaði 3-4 m. Svæðið er skráð undir auðkenninu ST-004:086III í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að það sé á þeim í þeim hluta heimatúnsins sem nefnist Grundir (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 90) Ekki sjást skýr áveitumannvirki (áveitugarðar og skurðir) sem tengst gætu þessu jarðræktarsvæði. Þó er mögulegt að garðlag 2334-112 (sjá hér að neðan) sem er sunnan við það hafi haft eitthvað slíkt hlutverk.

2334-67 garðlag óþekkt

Garðlag 2334-67 er skammt sunnan við jarðræktarsvæði 2334-113. Ekki er ljóst hvert hlutverk þess hefur verið, en þó er hugsanlegt að það tengist eitthvað jarðræktarsvæðinu. Ekki sjást þó merki um áveituskurði sem stutt gætu þá tilgátu. Garðlagið er um 52 m á lengd og um 1,3 m á breidd, en hleðsluhæð er á bilinu 0,5-1 m. Er það með norðvestur-suðaustur legu, fyrir utan síðustu 5 metrana austast, sem liggja nokkurn veginn austur-vestur. Garðlagið er talsvert raskað af götu 2334-112 (sjá hér að neðan), sem liggur eftir því endilöngu.

Garðlagið er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en þó er hluti þess teiknaður inn á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 85, 90).

2334-112 gata leið

Gata 2334-112 liggur eftir endilöngu garðlagi 2334-67. Er ekki óalgengt að fallin garðlög séu nýtt á þennan hátt þar sem þau standa gjarnan upp úr snjó eða votlendi. Gatan er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar eða á yfirlitsteikningu af minjum í heimatúninu.



Mynd 23: Uppmælingar á loftmynd, af minjum vestast í heimatúninu.

Suðursvæði

Suðursvæðið, sem svo er nefnt hér, er svæðið sunnan við heimatúnið, en austan við Búðará. Verður byrjað á að lýsa þeim minjum sem eru niður næst túninu svo í landfræðilegri röð til suðurs og svo vesturs.

2334-35 tóft óþekkt kvíar

Greinileg tóft er rétt utan túns, um 30 m suður af hesthústöft 2334-2 (sjá hér að framan). Tóftin liggur vestnorðvestur-austsuðaustur og er um að ræða eitt hól sem er um 10 x 4 m að stær. Austarlega, gengur stakur veggur, nokkurs konar aðhald, til suðvesturs frá tóftinni. Hlutverk hennar er ekki alveg ljóst en hugsanlegt er að um kvíar sé að ræða. Tóftin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-138 garðlag áveita

Tvö garðlög (2334-138 og 2334-139) eru í aflíðandi brekku upp af (suðaustur af) tóft 2334-35. Mynda þau nokkurs konar hól utan um nokkuð votlent svæði sem er um 340 m² að stærð og er nokkuð veglegur lækjarfarvegur, sem liggur suðvestur-norðaustur, fyrir neðan það á milli þess og tóftarinnar. Skammt fyrir neðan tóftina liggur farvegurinn gegnum skarð á túngarðinum og liggur áfram niður eftir því allt þar til hann sameinast farvegi bæjarlækjarins. Klettabelti er efst í brekkunni fyrir ofan svæðið sem garðlögin umlykja og er nokkuð um smálæki sem spretta fram undan því. Er hugsanlegt að garðlögin hafi haft það hlutverk að veita vatni úr brekkunni í áðurnefndan lækjarfarveg og því megi segja að þau séu hluti af áveitukerfi því sem minnst hefur verið á hér að framan og tengdist jarðrækt í heimatúninu. Garðlögin voru ekki skráð á vettvangi, en uppgötvuðust við könnun loftmynda (úr flýgildi) eftir að komið var í hús. Þau koma ekki fyrir í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Garðlag 2334-138 er um 21 m að lengd og um 4 m að breidd. Þar sem það er skráð upp af loftmynd er ekki hægt að segja til um hleðsluhæð þess með öruggri vissu en út frá myndinni má þá giska á að hún sé um 1 m.

2334-139 garðlag áveita

Tvö garðlög (2334-138 og 2334-139) eru aflíðandi brekku upp af (suðaustur af) tóft 2334-35. Mynda þau nokkurs konar hól utan um nokkuð votlent svæði sem er um 340 m² að stærð og er nokkuð veglegur lækjarfarvegur, sem liggur suðvestur-norðaustur, fyrir neðan það á milli þess og tóftarinnar. Skammt fyrir neðan tóftina liggur farvegurinn gegnum skarð á túngarðinum og liggur áfram niður eftir því allt þar til hann sameinast farvegi bæjarlækjarins. Klettabelti er efst í brekkunni fyrir ofan svæðið sem garðlögin umlykja og er nokkuð um smálæki sem spretta fram undan því. Er hugsanlegt að garðlögin hafi haft það hlutverk að veita vatni úr brekkunni í áðurnefndan lækjarfarveg og því megi segja að þau séu hluti af áveitukerfi því sem minnst hefur verið á hér að framan og tengdist jarðrækt í heimatúninu. Garðlögin voru ekki skráð á vettvangi, en uppgötvuðust við könnun loftmynda (úr flýgildi) eftir að komið var í hús. Þau koma ekki fyrir í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

Garðlag 2334-139 er í heildina um 33 m að lengd og um 3 m að breidd. Fyrstu 18 m úr austri, er það með austur-vestur stefnu, en eftir það beygir það skarplega til norðvesturs og heldur þeirri stefnu til enda. Hleðsluhæð er að líkindum um 1 m

en þó er ekki alveg hægt að fullyrða um það þar sem garðlagið er skráð upp af loftmynd.



Mynd 24: Yfirlitsmynd úr flýgildi þar sem má sjá tóft 2334-35 og áveitumannvirki 2334-138-139 sunnan við túngarð 2334-1. Í forgrunni, norðan við túngarðinn, eru svo hesthústóft 2334-2 og jarðræktarsvæði 2334-4 og 2334-12. Horft til suðurs.

2334-64 tóft óþekkt

Tóft er um 160 m vestsuðvestur af tóft 2334-35, fast vestan við vegslóða sem liggur heim að Kúvíkum. Tóftin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:064. Í skráningunni kemur fram að tóftin sé um 6 x 5 m að stærð og að hleðsluhæð sé um 1,6 m, en að engar skýrar dyr sjáist á henni. Ekki er ljóst hvert hlutverk hennar hefur verið (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 78). Uppmælingar Minjastofnunar 2020 leiddu þó í ljós að tóftin er nær því að vera um 6 x 7 m að stærð og töldu skrásetjarar sig jafnframt sjá ummerki um dyr á austurvegg hennar.



Mynd 25: Tóft 2334-64. Horft til norðurs.

2334-32 Torfdalur náma mógrafir torftökustaður


Mógrafasvæði er austan við vegslóða sem liggur heim að Kúvíkum, um 170 m suðvestur af tóft 2334-35. Svæðið er gríðarstórt og leiddi uppmæling á því í ljós að það er um 5.630 m² að stærð. Svæðið er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:039 og kemur þar fram að auk mótekjunnar þá hafi líka verið tekið þar reiðingstorf og að mesta dýpt grafanna sé um 0,7 m (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 71).

2334-33 náma mógrafir

Mógrafasvæði er vestan við vegslóða sem liggur heim að Kúvíkum, gegnt mógrafasvæðinu í Torfdal (sjá 2334-32 hér að framan). Vegslóðin liggur á eftir hálfgrónum mel- eða klappahrygg á þessum slóðum og er mógrafasvæði 2334-33 undir honum að vestanverðu. Svæðið er um 2.070 m² að stærð og er mesta dýpt þeirra um 0,5 m. Þessar mógrafir eru ekki skráðar í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og koma ekki í fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-111 varða samgöngubót eyktamark

Varða er á háu klapparholti, um 115 m suðvestur af mógrafasvæðinu í Torfdal (sjá 2334-32 hér að framan). Er hún skráð hér sem leiðavarða sem vísað hefur veginn niður að Kúvíkum. Varðan virðist hafa verið í alfaraleið sem lá upp frá Kúvíkum og uppá Trékyllisheiði (sjá nánar umfjöllun um 2334-110, 115 og 65 hér að neðan). Ekki er þó loka fyrir það skotið að hún hafi einnig gegnt hlutverki eyktamarks miðað við staðsetningu, en hún er mjög áberandi séð frá heimatúninu. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.



Mynd 26: Uppmælingar á loftmynd, af minjum á suðursvæðinu og suðausturhluta vestursvæðis (sjá hér að neðan).

Vestursvæði

Vestursvæðið, sem svo er nefnt hér, er það svæði sem nær vestur frá Búðará og vestur að Kleifarás sem skiptir löndum á móti Kjós og einkennist það af lítt grónum klappar- og melholtum með grösugum mýrarsundum á milli. Verður minjum, eins og áður, lýst í landfræðilegri röð og hefst lýsingin austur við Búðará niður við sjó.

2334-131 heimild þvottastaður

Þvottastaður er skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:087. Er vísað þar í örnefnaskrá Kúvíka þar sem kemur fram að um hafi verið að ræða litla flöt við Búðará þar sem hafi verið hlóðir, og þvottur og ull hafi verið þvegin þar á sumrin. Ekki tókst þó að staðsetja þvottastaðinn nákvæmlega, en talið líklegt að hann hafi verið hér um bil beint vestur af sumarbústað sem stendur vestast í túninu „á Grundum“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 90).

2334-96 tóft óþekkt

Tóft er vestan við Búðará, um 40 m vestur af sumarbústaðnum á Grundunum og um 20 m frá sjávarbakkanum. Tóftin, sem er um 6 x 6 m að stærð, er aðeins niðurgrafin. Gróið er yfir hleðslur að mestu, en þó má sjá glytta í grjót hér og þar. Breidd veggja er að jafnaði um 1 m, en hæð þeirra er mest um 0,5 m. Skarð er í hleðslum við suðausturhorn tóftarinnar og er hugsanlegt að þar hafi verið dyr. Tóftin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-97 tóft matjurtagarður

Tóft, líklega eftir matjurtagarð, er um 12 m, beint suður af tóft 2334-96 (sjá hér að framan). Tóftin, sem er um 10-11 m að stærð, liggur norðvestur-suðaustur og virðist hún grjóthlaðin að mestu, en nokkuð er gróið yfir hleðslur. Hleðslur virðast

hrundar við suðurhorn tóftarinnar, en þó er mögulegt að þar hafi verið dyr. Hleðslur eru að jafnaði um 1 m á breidd og á bilinu 0,4-0,6 m á hæð. Tóftin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.



Mynd 27: Yfirlitsmynd úr flýgildi þar sem horft er til vesturs yfir tóft 2334-96 og matjurtagarð 234-97. Myndin sýnir jafnframt áætlaða staðsetningu þvottastaðar 2334-131.

2334-98 varða eyktamark

Varða er á mosagrónum klapparhól um 220 m suðvestur af tóft 2334-97 (sjá hér að framan). Varðan er samfallin og nær nú rétt um 0,3 m hæð. Staðsetning hennar gæti bent til þess að varðan hafi gegnt hlutverki eyktamarks, en hún hefur verið vel sýnileg frá heimatúninu og gamla bæjarstæðinu þegar hún var í fullri hæð. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fram í umfjöllun um aðrar minjar.



Mynd 28: Varða 2334-98. Horft til norðausturs.

2334-99 náma mógrafir

Mógrafir eru í mýrarsundi vestan- og sunnan undir klapparhól þeim sem varða 2334-98 (sjá hér að framan) stendur á. Mógrafasvæðið, sem er nokkurn veginn samfelld en mjög svo óreglulegt að lögun, er um 1.000 m² að stærð og er dýpt grafanna mest um 0,5 m. Eru þessar mógrafir ekki skráðar í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og koma ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-100 tóft mókofi

Tóft, að líkindum eftir mókofa, er fast sunnan við mógrafasvæði 2334-99 (sjá hér að framan). Tóftin, sem er einföld, er um 3,5 x 3,5 m að stærð og er breidd veggja að jafnaði um 1,5 m, en hleðsluhæð á bilinu 0,3-0,5 m. Er hún opin í suðurenda. Tóftin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-101 tóft mókofi

Tóft er á gróðurlausum klapparhól, um 30 m suðvestur af mógrafasvæði 2334-99 (sjá hér að framan). Tóftin, sem er opin í norðurenda, er um 4 x 3 m að stærð, en hleðsluhæð er á bilinu 0,2-0,4 m. Breidd veggja er að jafnaði um 0,8 m. Staðsetning tóftarinnar gefur sterklega kynna að um leifar mókofa sé að ræða, en annað mógrafasvæði er í mýrarsundi, rétt sunnan við tóftina (sjá 2334-102 hér að neðan). Tóftin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-102 náma mógrafir

Mógrafir eru í mýrarsundi sunnan undir klapparhól þeim sem mókofatóft 2334-101 stendur á (sjá hér að framan). Er um að ræða samfelld svæði sem er um 215 m² að stærð. Eru grafirnar orðnar nokkuð grónar og hleypur dýpt þeirra á bilinu 0,2-0,5 m. Mógrafasvæði þetta er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.


2334-103 náma mógrafir

Mógrafasvæði er um 40 m suður af mógrafasvæði 2334-102 og um 100 m vestur af mógrafasvæði 2334-33 (sjá hér að framan). Er um að ræða samfelld svæði sem

er um 500 m² að stærð. Eru grafirnar orðnar nokkuð grónar, þótt þær sér enn nokkuð greinilegar, en dýpt þeirra er á bilinu 0,2-0,5 m. Mógrafasvæði þetta er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur ekki fyrir í umfjöllun um aðrar minjar.

2334-34 náma mógrafir

Mógrafasvæði er í framræstri mýri, um 190 m vestur af mógrafasvæði 2334-102. Er um að ræða samfelld svæði sem er um 1.950 m² að stærð. Eru grafirnar fylltar og talsvert grónar, sem gerir það að verkum að þær eru fremur illgreinanlegar. Getur það bent til þess að þessar grafir séu fremur gamlar. Þetta mógrafasvæði er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:020 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 65)



Mynd 29: Uppmælingar á loftmynd, þar sem má sjá mógrafasvæði 2334-99, 2334-102 og 2334-103 ásamt mókofatóftum 100 og 101. Nyrst á myndinni er svo varða 2334-98 og í suðausturhorninu er svo mógrafa svæði 2334-33 sem skráð á suðursvæðinu (sjá hér að framan).

2334-115 gata leið

Nokkuð óljós gata er fyrir neðan þjóðveginn um 170 m suðvestur af vörðu 2334-111 (sjá hér að framan). Gatan er fyrst greinanleg 30 m fyrir neðan þjóðveginn og er hægt að rekja hana þaðan um 100 m til norðausturs. Varða er við götuna um 35 m frá norðvesturenda hennar (sjá 2334-110 hér að neðan). Gatan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Hugsanlegt er þó að hún sé hluti af leið sem hér er skráð sem 2334-65 (sjá hér að neðan) en var skráð undir auðkenninu ST-004:038 í skráningu Fornleifastofnunar. Þar er sú leið sögð vera hluti leiðar sem lá upp frá Kúvíkum upp á Trékyllisheiði og hafi verið önnur tveggja alfara-leiða upp á heiðina að norðanverðu. Hin leiðin lá upp frá Kjós (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 70-71). Kemur þetta ágætlega heim og saman þegar þetta er skoðað í samhengi við Herforingjaráðskort Dana, þar sem gamla leiðin er teiknuð inn og sést þá jafnframt að varða 2334-111 (sjá hér að framan), hefur hugsanlega verið vegvísir á umræddri leið.

2334-110 varða samgöngubót

Varða er við götu 2334-115 (sjá hér að framan), um 60 m frá suðvesturenda hennar. Er varðan ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-65 gata leið

Nokkuð greinileg gata sést sunnan við þjóðveginn, um 370 m vestur af suðvesturenda götu 2334-115. Er hún skráð undir auðkenninu ST-004:038 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og sögð vera hluti leiðar sem lá upp frá Kúvíkum upp á Trékyllisheiði og hafi verið önnur tveggja alfaraleiða upp á heiðina að norðanverðu. Hin leiðin lá upp frá Kjós (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 70-71). Er líklegt að gata 2334-115 sé hluti af sömu leið.

2334-36 náma mógrafir

Fimm lítil mógrafasvæði eru rétt neðan við þjóðveg um 830 m beint vestur af vörðu 2224-111. eru þau í röð frá suðri til norðurs og er mógrafasvæði 2334-36, sem jafnframt er stærst, næst þjóðveginum. Svæðið er um 1.040 m² að stærð og eru grafirnar allgreinilegar, þótt þær séu grónar og nær dýpt þeirra líklega mest um 0,5 m. Er þetta mógrafasvæði ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-116 náma mógrafir

Mógrafasvæði 2334-116 er um 3 m norðaustur af mógrafasvæði 2334-36. Er það alls um 100 m² að stærð og er það nokkuð greinilegt, þrátt fyrir að vera allgróið, en dýpt grafanna er líklega mest um 0,5 m. Svæðið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-117 náma mógrafir

Mógrafasvæði 2334-117 er um 2 m norðvestur frá mógrafasvæði 2334-117. Er það í smærri kantinum eða einungis um 8 m² að stærð. Er það nokkuð greinilegt þótt það sé gróið og er dýpt grafa á bilinu 0,3-0,5 m. Svæðið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-118 náma mógrafir


Mógrafasvæði 2334-118 er um 3 m norður af mógrafasvæði 2334-116. Er þetta svæði um 80 m² að stærð og allgreinilegt þrátt fyrir að vera nokkuð gróið, en dýpt grafanna er á bilinu 0,3-0,5 m. Svæðið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-119 náma mógrafir

Mógrafasvæði 2334-119 er um 8 m norður af mógrafasvæði 2334-118. Er það um 170 m² að stærð og vel greinanlegt þótt nokkuð sé gróið yfir grafirnar, dýpt þeirra er á bilinu 0,3-0,5 m. Svæðið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-105 varða óþekkt

Varða er á gróðurvana melhól um 250 m vestur af mógrafasvæði 2334-36 (sjá hér að framan) og um 30 m fyrir neðan þjóðveg. Varðan er nánast alveg hrúnin og nær hleðsluhæð einungis um 0,2 m. Er varðan mögulega nýleg enda eru hleðslur lítt grónar. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.



Mynd 30: Uppmælingar á loftmynd þar sem má sjá mógrafasvæði 116-119, götu 2334-65 og vörðu 2334-105.

2334-126 gata leið

Nokkrar götur koma saman rétt vestan við Kleifá fyrir neðan þjóðveg. Fyrst ber að nefna 2334-126, en upphaf hennar (eins og hún sést) er um 170 m fyrir neðan (norðan) þjóðveginn. Gatan hefur að líkindum náð lengra í suður, en hefur horfið undir bíslóða, sem liggur á svipuðum slóðum, frá þjóðveginum. Í heildina er hægt að rekja þessa götu í um 340 m. Þaðan sem hún sést fyrst næst þjóðveginum, er hægt að rekja hana til norðurs í um 40 m, en eftir það fer hún að sveigja til austurs og hverfur loks undir áðurnefndan bísslóða eftir um 300m. Þrjár vörður (sjá hér að neðan, 2334-88, 89 og 90) eru meðfram leiðinni að sunnanverðu, sem bendir til þess að hún hafi verið talsvert notuð. Leiðin er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-88 varða samgöngubót

Þrjár vörður eru meðfram götu 2334-126 þar sem hún er með austur-vestur stefnu. Varða 2334-88, er vestust af þeim, en hún er um 25 m sunnan við leiðina, um 70 m austur frá þeim stað þar sem leiðin fer að byrjar að sveigja úr suðri til austurs. Varðan sem er hrunin að mestu, er á lágrí klapparbrún og er hún illgreinanleg. Er hún í mesta lagi um 0,2 m há. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-89 varða samgöngubót

Varða 2334-89 er staðsett um 130 m vestnorðvestur af vörðu 2334-88 og um 3 m sunnan við götu 2334-126. Varðan sem er á lágrí klöpp, er vel greinanleg, en hleðsluhæð hennar er um 0,7 m. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-90 varða samgöngubót

Varða 2334-90 er staðsett um 11 m vestsnorðvestur frá þeim stað þar sem gata 2334-126 hverfur undir bíslóða (sjá umfjöllun um götuna hér að framan). Varðan

sem stendur á klapparbrún, er hálfhrunin, en þó nokkuð greinileg. Er hún um 0,3 m á hæð. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-129 gata leið

Um það bil þar sem gata 2334-126 fer að sveigja til austurs, liggur gata 2334-129 til suðvesturs frá henni niður að Kleifánni. Heldur gatan svo áfram yfir ána á vaði og svo til norðvesturs upp frá henni. Þegar komið er upp úr árgilinu fer gatan smátt og smátt að sveigja til vesturs og hverfur loks undir þjóðveginn eftir um 217 m frá ánni. Þessi gata er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en líklegt er að hún og gata 2334-126, séu leifar af gamalli leið á milli Kúvíka og Kjósar.

2334-127 niðurgröftur-hleðsla ræsi

Grjóthlaðið ræsi liggur undir götu 2334-129, um 25 m frá vaðinu á ánni. Er það um 2,5 m á lengd. Ræsið er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.


2334-128 gata leið

Önnur gata, 2334-128, liggur yfir Kleifána um 40 m neðan (norðan) við leið 2334-129, en tengist henni fljótlega eftir að komið er upp úr árgilinu að vestanverðu. Austan við Kleifána tengist gata 2334-128 svo götu 2334-130 sem þar liggur norður-suður, meðfram ánni. Er hugsanlegt að gata 2334-128 hafi frekar verið valin, fremur en 2334-129, þegar ferðast var eftir leið 2334-130 frá sjó.

Gata 2334-128, er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-130 gata-leið

Gata 2334-130 liggur meðfram ströndinni, frá Kúvíkum og inn eftir firði. Er hægt að rekja hana nokkuð samfelld, til vesturs ósi Búðarár meðfram sjávarbakkanum allt þar til hún fer að beygja til suðurs eftir um 1,4 km. Þaðan má rekja hana til suðurs, meðfram árgili Kleifarár, þar til hún tengist götu 2334-126 eftir um 550. Gata 2334-130 er skráð undir auðkenninu ST-004:023 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.



Mynd 31: Uppmælingar á loftmynd af leiðum og vörðum við Kleifarar, vestast á vestursvæðinu.

2334-91 hleðsla gata leið

Einföld grjótröð er meðfram götu 2334-130 þar sem hún liggur meðfram árgili Kleifarár. Virðist hún fremur hafa gegnt hlutverki vegvísis, fremur en að vera viðleitni til að byggja upp götuna. Er þessi grjótröð ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.



Mynd 32: Hleðsla 2334-91. Horft í suður.

2334-95 varða mið


Varða er á klapparhól við svonefnda Stekkjarvík, um 470 m vestur af tóftum 2334-96 og 2334-97 og um 26 m suður af götu 2334-130. Er hugsanlegt að varðan hafi verið mið sem vísaði á víkina sem landingarstað. Varðan er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-94 tóft steinsteypa beitarhús

Tóft eftir beitarhús úr steinsteypu og timbri er við vestanverða Stekkjarvík (sjá einnig 2334-95 hér að framan). Tóftin er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en kemur þó fyrir í umfjöllun um stekkjartóft 2334-93 (sjá hér að neðan) Er hún um 6 x 10 m að stærð og má enn sjá talsvert af timburleifum og bárujárni í henni (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 76).

2334-93 tóft stekkur

Stekkjartóft er fast vestan við beitarhúsatóft 2334-94 (sjá hér að framan). Tóftin sem virðist hafa verið að mestu hlaðin úr grjóti, er um 10 x 4,5 m að stærð og snýr nokkur vegin norður suður. Samanstendur hún af tveimur misstórum hólfum, þ.e lambakró, sem er norðar, og rétt. Er tóftin hlaðin upp við klettavegg og myndar hann austurlangvegg tóftarinnar. Hleðsluhæð er á bilinu 0,4-0,6 m og breidd veggja er mest um 0,8 m. Tóftin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:056 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 76)



Mynd 33: Uppmælingar á loftmynd þar sem má sjá stekkjartóft 2334-93 og beitarhúsatóft 2334-94, ásamt vörðu 2334-95.

2334-92 Nátthagi tóft nátthagi

Tóft er við litla vík, er nefnist Nátthagi, um 360 m vestur af stekkjartóft 2334-93 (sjá hér að framan). Er hún austast á grösugu undirlendi, upp af víkinni sem afmarkað er með klettabelti að austaverðu. Tóftin sem er skeifulaga, snýr nokkurn vegin austur-vestur. Er hún alveg grjóthlaðin að sunnanverðu en norður- og austurveggir hennar eru aftur á móti myndaðir af klettum með grjóthleðslum á milli, en op er á henni til vesturs. Tóftin er um 9 x 7 m að stærð og er hleðsluhæð hennar á bilinu 0,3- 1,3 m, en breidd veggja er mest um 1 m. Tóftin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:018 og kemur þar fram að tóftin sjálf sé „tæplega nógu stór til að geta kallast Nátthagi. Hins vegar þykir víkin sjálf vera ágætis aðhald frá náttúrunnar hendi (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 65).



Mynd 34: Nátthagi 2334-92. Horft í suður.

Austursvæði

Austursvæði, sem svo er nefnt hér, er svæði austur af rústasvæðinu þar sem m.a. er að finna sökkul íbúðarhúss Carls Jensen (sjá 2334-63 hér að framan) og nær austur að landamerkjum á móti Kambi. Eru minjarnar allar við ströndina undir fjallshlíð sem einkennist af breiðum hjöllum. Verður minjunum lýst í landfræðilegri röð frá vestri til austurs.

2334-57 Kerlingarkleif gata leið

Klettabelti afmarkar rústasvæðið þar sem sökkul íbúðarhúss Carls Jensen er m.a. að finna, að austanverðu. Þar fyrir ofan tekur við aflíðandi fjallshlíð með breiðum hjöllum. Tvær megin leiðir liggja frá rústasvæðinu upp á hjallana, svonefnd Kerlingarkleif og Bröttugata (sjá 2334-58 hér að neðan), en þær sameinast svo fljótlega þegar upp er komið. Kerlingarkleif liggur í suðaustur í talsverðum bratta upp frá svonefndri „Dys“ (sjá 2334-59 hér að framan) og upp í gegnum skarð í klettunum en eftir það sveigir hún meira til norðurs, uns hún sameinast Bröttugötu eftir um 180 m. Kerlingarkleif er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:059 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 77).

2334-58 Bröttugata gata leið

Klettabelti afmarkar rústasvæðið þar, sem sökkul íbúðarhúss Carls Jensen er m.a. að finna, að austanverðu. Þar fyrir ofan tekur við aflíðandi fjallshlíð með breiðum hjöllum. Tvær megin leiðir liggja frá rústasvæðinu upp á hjallana, svonefnd Kerlingarkleif (sjá 2334-57 hér að framan) og Bröttugata, en þær sameinast svo fljótlega þegar upp er komið. Bröttugata byrjar á svipuðum slóðum og Kerlingarkleif, en liggur í austnorðaustur. Er hægt að rekja hana í um 150 m, þaðan sem hún sést fyrst, nálægt þar til hún sameinast Kerlingarkleif eftir um 150 m. Liggur hún á kafla í miklum bratta, eins og nafnið bendir til. Bröttugata er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:060 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 77).

2334-140 gata leið


Gata 2334-140 tekur við eftir að Kerlingarkleif og Brattagata koma saman upp á hjöllunum fyrir ofan minjasvæðið þar sem sökkul íbúarhúss Carl Jensen er að finna. Hún var ekki mæld upp á vettvangi árið 2020 en hægt er að rekja hana til austurs á loftmynd, frá „gatnamótum“ Kerlingarkleifar og Bröttugötu, alla leið inn á heimatún Halldórsstaða, um 1,3 km leið. (sjá hér að neðan). Liggur hún hjá nokkrum minjastöðum á leiðinni og mun því koma fyrir í lýsingum á þeim (sjá hér að neðan). Þessi gata er ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.

2334-56 náma mógrafir

Mógrafasvæði er uppi á hjöllunum austur af rústasvæðinu þar sem sökkul íbúðarhúss Carl Jensen er m.a. að finna, um 50 m suður af gatnamótum Kerlingarkleifar og Bröttugötu (sjá 2334-57 og 58). Svæðið er alls um 500 m² að stærð og eru grafirnar nokkuð greinilegar þótt grónar séu, en dýpt þeirra er mest um 0,4 m. Er þetta mógrafasvæði skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir númerin ST-004:053 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 75).

2334-55 náma mógrafir

Mógrafasvæði er um 50 m austnorðaustur af mógrafasvæði 2334-56 (sjá hér að framan). Svæðið er alls um 400 m² að stærð en grafirnar eru þó fremur illgreinilegar, enda talsvert grónar og ná þær mest um 0,2 m dýpt. Er þetta mógrafasvæði skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:054 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 76).



Mynd 35: Uppmælingar af minjum á loftmynd, þar sem má sjá Kerlingarkleif (2334-57) og Bröttugötu (2334-58), ásamt mógrafasvæðum 2334-55-56 og hluta leiðar 2334-140

2334-52 tóft óþekkt

Rústasvæði er á dálitlum tanga um 640 m austnorðaustur af gatnamótum Bröttugötu og Kerlingarklifar og um 50 m norðan við götu 2334-140 (sjá hér að framan). Er þar að finna tvær tóftir og garðlag. Í örnefnalýsingu Kúvíkna sem Guðrún S. Magnúsdóttir skráði árið 1980, segir eftirfarandi:

„Er komið var upp Bröttugötu [sjá 2334-58], tóku við hjallar og holt út að Heklu, en svo var nefnd síldarveiðistöð sem byggð hafði verið af Norðmönnum, sú fyrsta við Reykjarfjörð. Þar var sléttlendi, klettur fram af og mjög aðdjúpt. Þarna var stórt hús og fram af því plan. Gátu skip lagzt við planið. Húsið stóð fram yfir 1920 eða 1924 en fauk þá í suðvestanroki.“ (Ö-Kúvík, 6-7)

Örnefnalýsingin er í mjög svo skýrri landfræðilegri röð, en byggt á því er hugsanlegt að minjarnar sem hér um ræðir séu leifar þessarar síldarvinnslustöðvar. Tóft 2334-52 er syðst á tanganum en um 13 m norðar er svo tóft 2334-53 og þar fyrir norðan er svo garðlag 2334-54 (sjá hér að neðan). Tóft 2334-52 sem er einföld, um 11 x 6 m að stærð, liggur nokkurn vegin norður-suður og eru greinilegar dyr á suðaustur-horni hennar. Er hún vel greinanleg og er hleðsluhæð mest um 0,8 m en breidd veggja er að jafnaði um 1 m. Ekki sést í grjóti í veggjum og er hugsanlegt að alveg sé grófið yfir það eða þá að tóftin sé eingöngu hlaðin úr torfi. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið, en hún er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:061 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 77).

2334-53 tóft óþekkt

Tóft 2334-53 sem er úr torfi og grjóti, er um 13 m norðvestur af tóft 2334-52 (sjá umfjöllun um 2334-052 hér að framan). Tóftin, sem snýr nokkurn vegin norður-suður, er um 16 x 6 m að stærð og skiptist tvö ílöng hólf. Innagengt er á milli hólfanna en auk þess eru dyr við norðausturhornið á nyrðra hólfinu, en við suðausturhorn á því syðra. Syðra hólfið er um 7 x 2 m að stærð en það nyrðra um 6 x 2 m, en hleðsluhæð veggja er mest um 1,5 m og breidd á bilinu 1-2 m. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið en hún er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:063 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 78).

2334-54 garðlag óþekkt

Tóftir 2334-52 og 2334-53 eru á dálitlum tanga (sjá nánar umfjöllun um 2334-52 hér að framan). Garðlag 2334-54 þverar tangann um 8 m norður af tóft 2334-53. Engi ummerki sjást um hlið á garðlaginu, en það er eingöngu hlaðið úr grjóti og er um nokkuð mikið mannvirki að ræða. Er hleðslan að jafnaði um 1 m á breidd en hæð hennar er á bilinu 1-1,75 m. Ekki er vitað hvert hlutverk garðlagsins hefur verið en það er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:062 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 77).



Mynd 36: Yfirlitsmynd úr flýgildi af tóftum 2334-52 og 2334-53, ásamt garðlagi 2334-54. Horft í austur.

2334-51 tóft rétt

Tóft eftir rétt, er undir klettabelti um 120 m austnorðaustur af tóft 2334-52. Réttin, sem er um 13 x 9 m að stærð, snýr nokkurn vegin austur-vestur og er hún mynduð úr tveimur aðskildum hleðslum en klettur mynda austurvegg hennar og hluta af suðurvegg. Réttin sem er grjóthlaðin, er um 13 x 9 m að stærð og er hlið á henni á miðjum vesturvegg. Dálítil kró, um 4 x 3 m að stærð, með hlið á austurvegg, er í norðvesturhorni réttarinnar. Hleðsluhæð er á bilinu 0,2-1,5 m, en breidd veggja er að jafnaði um 0,4 m. Réttin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:085 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 83-84).




Mynd 37: Yfirlitsmynd úr flýgildi af réttartóft 2334-51. Horft í austur.

2334-50 garðlag vörslugarður

Garðlag er um 170 m austnorðaustur af réttartóft 2334-51 og um 11 m norður af götu 2334-140 (sjá hér að framan). Dálítill tangi gengur þar í sjó fram og lokar garðlagið hann af að vestanverðu, en klettabelti er að sunnanverðu. Er líklegast að um sé að ræða aðhald eða gerði fyrir skepnur. Garðlagið er að mestu hlaðið úr torfi nema næst klettunum þar sem það er hlaðið úr grjóti. Er það skráð undir auðkenninu ST-004:083 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Þar kemur fram að grjóthleðslur hafi einnig verið í glufum í klettabeltinu, sem séu að mestu hrundar. (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 83).



Mynd 38: Yfirlitsmynd úr flýgildi af garðlagi 2334-50. Horft í norðaustur.



Mynd 39: Uppmælingar af minjum á loftmynd. Vestast á myndinni getur að líta tóftir 2334-52 og 2334-53, ásamt garðlagi 2334-54. Þar fyrir austan (á miðri mynd) er svo réttartóft 2334-51 og austast er svo garðlag 2334-50. Á myndinni má einnig sjá götu 2334-140 hlykkjast frá vestri til austurs.

2334-45 Halldórsstaðir hóll bæjarhóll

Um 300 m austur af garðlagi 2334-50 er komið að bæjarhól Halldórsstaða. Er hann syðst á grónu nesi sem myndar jafnframt heimatún jarðarinnar. Hóllinn, sem liggur vestnorðvestur-austsuðaustur, er um 33 x 24 m að stærð og að jafnaði um 1 m á hæð. Er hann nokkuð þýfður sem dregur talsvert úr skýrleika minja á honum. Má sjá tvær greinilegar tóftir á honum (sjá 2334-106 og 2334-107 hér að neðan), á vettvangi, en á drónamyndum sem teknar voru 2020 má þó sjá vísbendingar um fleiri mannvirki á hólnum, en þær eru þó of óskýrar til þess að hægt sé að teikna þær upp með góðu móti.

Bæjarhóllinn er skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-044:079. Þar er ítarleg lýsing á bæjarhólnum og minjum á honum, en þó er ekki auðvelt að átta sig á minjum, sem þar er lýst, þegar komið er á vettvang. Minjarnar á hólnum eru þó ekki skráðar sérstaklega eða teiknaðar upp, heldur bara mörk bæjarhólsins (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 82-83).

2334-106 tóft óþekkt

Tóft 2334-106, er vestarlega á bæjarhól Halldórsstaða (sjá 2334-106). Tóftin, sem er með austur-vestur legu, er um 10 x 7 m að stærð, en hleðsluhæð er líklega mest um 0,5 og breidd veggja að jafnaði um 2 m. Tóftin skiptist í tvö misstór hól og er stærra hólfið, sem liggur austur-vestur og er vestar, um 4 x 3 m að stærð (innanmál) en það minna, sem liggur norður-suður, er um 2 x 1,5 m að stærð. Dyr eru á milli hólfanna nyrst á þeim vegg sem aðskilur þau en stærra hólfið er svo með dyr, út úr tóftinni, nyrst á vesturvegg. Tóftin er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, en í lýsingu þar er þó talað um tóft, norðan við ílanga dæld vestast í hólnum, um 8 x 5 m að stærð, með austur-vestur stefnu, sem gæti verið sú sem hér um ræðir (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 82)


2334-107 tóft óþekkt

Tóft er á bæjarhól Halldórsstaða (sjá 2334-45 hér að framan) um 9 m austsuðaustur af tóft 2334-106 (sjá hér að framan). Tóftin, sem er einföld, er um 7 x 5 m að stærð og snýr nokkurn vegin norður-suður. Hleðsluhæð er líklega mest 0,4 m en breidd veggja er að jafnaði um 2 m. Dyr eru á miðjum suðurvegg. Tóftin er ekki skráð sérstaklega í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar en í lýsingu þar er þó talað um þrjú samsíða hólfið syðst á hólnum sem opnast til suðurs (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 82) Er þó hugsanlegt að eitt af þeim hólfum sé umrædd tóft.

2334-46 tóft rétt

Tóft er um 10 m suður af bæjarhól Halldórsstaða. Er um að ræða hleðslur í kringum náttúrulega dæld undir klettahjalla fyrir ofan bæjarhólinn. Garðlag liggur til norðausturs frá tóftinni og virðist hafa verið samtengt henni þótt þau tengsl séu nú ekki augljós. Er garðlagið því skráð hér sem hluti af tóftinni. Tóftin er um 8 x 8 m að stærð (að utanmáli), en garðlagið er um 14 m að lengd. Hleðsluhæð er á bilinu 0,2-0,6 m en breidd veggja er um 1 m.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:78 í fornleifaskráningu fornleifastofnunar og er talið að um einskonar rétt sé að ræða (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 81- 82). Er tekið undir þá túlkun hér.



Mynd 40: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á bæjarhól Halldórsstaða og réttartóft 2334-46.

2334-44 garðlag túngarður vörslugarður

Nesið, sem heimatún Halldórsstaða er á, rís nokkuð upp úr sjó og er klettabelti meðfram ströndum þess. Garðlag 2334-44 þverar nesið stranda á milli um 60 m norður af bæjarhólnum (sjá 2334-45 hér að framan) og um 10 m austur af leið 2334-140 þar sem hún endar við Halldórsstaða túnið. Er það um 127 m á lengd og um 1 m á breidd, en hleðsluhæð er mest um 0,4 m. Virðist það að mestu hlaðið úr torfi, en þó er ekki loku fyrir það skotið að einfaldlega sé gróið yfir grjót-hleðslur, ef einhverjar eru. Ekki sáust skýr merki um það hvar hlið hefur verið á garðlaginu.

Garðlagið er skráð undir auðkenninu ST-004:080 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 83).

2334-42 tóft fjárhús

Stór tóft, líkindum eftir fjárhús, er um 14 m norðan við garðlag 2334-44, beint norður af bæjarhól Halldórsstaða (sjá 2334-45 hér að framan). Er hún samsett úr þremur samsíða hólfum, með austsuðaustur-vestnorðvestur stefnu, sem líklega eru sjálf fjárhúsin, en vestnorðvestan við þau er svo stakt hólfið, með norðaustur-suðvestur stefnu, sem líklega er eftir fjárhúshlöðuna. Fjárhúshólfin eru öll svipuð að stærð, eða um 10 x 4 m og eru öll með dyr á austsuðausturvegg. Ummerki um garða sjást eingöngu í miðhúsinu. Hin meinta hlaða er jafnframt stærsta hólfið í tóftinni eða um 9 x 8 m að stærð og er það opið í norðausturenda. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m en breidd veggja er að jafnaði um 1 m. Fjárhústóftin er nokkuð gróin, en hér og þar má sjá glitta í grjót í hleðslum. Er hún þó að líkindum einnig hlaðin úr torfi.

Tóftin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:081 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 83).

2334-43 niðurgröftur kolagröf

Gróin kolagröf er um 37 m norður af fjárhústóft 2334-42. Gröfin sjálf er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á dýpt en umhverfis hana er gróinn krugi, líklega upp-mokstur úr henni, sem er á bilinu 0,4-0,8 m á breidd og um 0,2 m á hæð.

Gröfin er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:082 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 83).



Mynd 41: Uppmælingar á loftmynd, af fjárhústóft 2334-42, túngarði 2334-44 og kolagröf 2334-43. Lengst til vinstri má sjá hvar gata 2334-140 liggur inn að heimatúni Halldórsstaða.

2334-48 tóft naust sjóbúð

Vestan við nesið sem heimatún Halldórsstaða er á, er Halldórsstaðavogur. Tóftaþyrping fyrir botni hans, austur af bæjarhól Halldórsstaða (sjá 2334-45) raðast tóftirnar meðfram ströndinni, frá austri til vesturs. Tóft 2334-48, sem er vestust og snýr norður suður, er um 40 m frá bæjarhól Halldórsstaða og um 10 m frá brún sjávarbakkans við ströndina. Er líklega um að ræða naust með sambyggðri sjóbúð, en tóftin er samsett úr tveimur misstórum hólfum sem eru bæði opin í norðurenda. Stærri og jafnframt vestara hólfið, sem líklega eru leifar af nausti, er um 9 x 5 m að stærð (að utanmáli), en minna hólfið, sjóbúðin, er um 4 x 3 m að stærð er svo sambyggt því við norðurendann á austur langvegg. Hleðsluhæð er á bilinu 0,4-0,8 m en breidd veggja er á bilinu 1 m.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:077 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 81).

2334-142 Halldórsstaðavogur rutt svæði lending

Í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar þar sem fjallað er um naust/sjóbúð 2334-48 (sjá hér að framan), er minnst á að „[g]óð lending virðist í voginum norðan naustsins“, en hún er þó ekki skráð sérstaklega (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 81). Þegar loftmyndir úr flygildi, sem teknar voru á svæðinu 2020, eru skoðaðar virðist sem vör hafi verið rudd inn eftir Halldórsstaðavogi og er hún því skráð hér.

2334-49 tóft óþekkt

Einföld tóft er um 8 m austsuðaustur af tóft 2334-48 (sjá hér að framan). Tóftin, sem snýr norður-suður, er um 4 x 3 m að stærð og opin í norðurenda. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið, en hún er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:076 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 81).

2334-47 tóft hleðsla brú brunnhús

Tóft 4 m austnorðastur af tóft 2334-49 og eru veggjarbrot hennar beggja vegna við læk sem rennur þar norður til sjávar. Tóftin virðist hafa verið um 3 x 2 m að stærð, en hún samanstendur í raun af tveimur þústum, beggja vegna lækjarins. Hleðsluhæð er á bilinu 0,2-0,6 m en breidd veggja virðist hafa verið á bilinu 0,6-0,8 m.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:071 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, þar sem þeirri hugmynd er velt upp að annað hvort sé um að ræða leifar brunnhúss eða brúar sem legið hefur yfir lækinn (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 80). Er tekið undir þá túlkun hér.

2334-41 tóft híbýli

Tóft er um 4 m austur af tóft 2334-47 og um 65 m austur af bæjarhól Halldórsstaða. Tóftin, sem er einföld og um 12 x 8 m að stærð, virðist að mestu hlaðin úr torfi, en hvergi sést í grjóti í veggjum. Hleðsluhæð er mest um 1 m, en breidd veggja er á bilinu 2-3 m. Leifar af steinsteyptum strompi liggja í tóftinni sem bendir til þess að um íveruhús eða híbýli hafi verið að ræða.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:075 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að líkindum sé um að ræða leifar síðasta Halldórsstaðabæjarins (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 81).



Mynd 42: Uppmælingar á loftmynd, af minjum við Halldórsstaðavog. Lending, naust með áfastri sjóbúð og leifar síðasta Halldórsstaðabæjarins ásamt mögulegum leifum brunnhúss og tóftar með óljóst hlutverk. Fyrir sunnan minjarnar má svo sjá götu 2334-141 liggja frá vestri til austurs.




Mynd 43: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Halldórsstöðum. Hort til austurs.

2334-141 gata leið

Greinileg gata liggur til austurs frá bæjarhól Halldórsstaða (sjá 2334-45 hér að framan) og að seljarústum í Seli, alls um 1,2 km leið. Rústirnar í Seli eru ekki skráðar hér, þar sem þær eru í landi Kambs, en hægt er að nálgast upplýsingar um þær í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar undir auðkenninu ST-004:002 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 60). Gata 2334-141 var ekki mæld upp á vettvangi 2020 en teiknuð upp eftir á af loftmynd þar sem hún er fremur greinileg.

Eins og í tilviki götu 2334-140, þá liggur þessi leið hjá nokkrum minjastöðum og mun því koma fyrir í lýsingum á þeim (sjá hér að neðan). Er gatan ekki skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar.



Mynd 44: Uppmælingar á loftmynd, af minjum í og við Heimatún Halldórsstaða.

2334-40 tóft rétt

Grjóthlaðin tóft, sem liggur nokkurn veginn austur-vestur, er undir klettahjalla við sjóinn, um 240 m austnorðaustur af tóft 2334-41 og um 100 m norður af götu 2334-141 (sjá hér að framan). Tóftin er opin í vesturenda, en grjóthleðslur mynda norður- og austurveggi. Suðurveggurinn er aftur á móti að mestu myndaður af klettum, fyrir utan að hlaðið hefur verið í glufur hér og þar.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:069 í fornleifaskráningu fornleifastofnunar og kemur þar fram að um sé að ræða leifar af rétt (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 79). Er tekið undir þá túlkun hér.



Mynd 45: Réttartóft 2334-40. Horft í norðaustur.

2334-39 tóft rétt byrgi

Einföld grjóthlaðin tóft við svonefnda Viðvík, um 85 m austnorðaustur af tóft 2334-40 (sjá hér að framan) og um 120 m norður af götu 2334-141 (sjá hér að framan). Tóftin, sem er með austur-vestur stefnu, er um 5 x 3 m að stærð, með dyr á vesturenda. Hleðsluhæð er mest um 0,7 m, en breidd veggja er á bilinu 0,6-1 m. Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:065 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar. Þar kemur fram að um eins konar „...aðhald eða byrgi“ (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 78). Er tekið undir þá túlkun hér.



Mynd 46: Tóft 2334-39. Horft í austur.

2334-38 tóft rétt

Einföld, grjóthlaðin tóft er undir klettavegg um 270 m austnorðaustur af tóft 2334-39 og um 90 m norður af götu 2334-141 (sjá hér að framan). Tóftin er með norður-suðurstefnu og er hún opin í norðurenda, en klettaveggur myndar suðurvegginn. Hleðslur eru að mestu hrundar og ná mest um 0,2 m hæð, en breidd veggja er um 1 m. Tóftin, sem er um 4 x 5 m að stærð, er skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar, undir auðkenninu ST-004:058 og kemur þar fram að um rétt eða aðhald sé að ræða (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 76-77). Er tekið undir þá túlkun hér.



Mynd 47: Réttartóft 2334-38. Horft í suður.

2334-37 tóft skotbyrgi skjól.

Tóft, úr torfi og grjóti, er undir klettavegg, um 6 m austur af tóft 2334-38 og um 90 m norður af götu 2334-141 (sjá hér að framan). Tóftin er um 5 x 3 m að stærð og er hleðsluhæð mest um 0,4 m, en breidd veggja er að jafnaði um 1 m. Er um að ræða tvær bogadregnar vegghleðslur, sem mynda suður- og norðurvegg, en tóftin er svo opin í vesturendann.

Tóftin er skráð undir auðkenninu ST-004:051 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar og kemur þar fram að líklega sé um skotbyrgi eða aðhald að ræða (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 75). Er tekið undir þá túlkun hér, en einnig er mögulegt að þetta mannvirki hafi verið hlaðið svo sauðfé gæti leitað skjóls undan veðri og vindum.




Mynd 48: Tóft 2334-37. Horft í austur.

2334-108 Móholt náma mógrafir

Tvö mógrafasvæði eru um 150 m suðaustur af tóftum 2334-37 og 2334-38 og um 70 m suður af götu 2334-141 (sjá hér að framan). Eystra mógrafasvæðið, sem hér um ræðir er um 443 m² og eru mógrafirnar, sem eru allgreinilegar, mest um 1 m að dýpt. Bæði mógrafasvæðin, það sem hér um ræðir og svæði 2334-109 (sjá hér að neðan), eru skráð saman undir auðkenninu ST-004:003 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 61).

2334-109 Móholt náma mógrafir

Mógrafasvæði 2334-109 er um 36 m vestur af mógrafasvæði 2334-108 (sjá hér að framan). Svæðið er um 1.950 m² að stærð og ná grafirnar mest um 1 m á dýpt. Bæði mógrafasvæðin, það sem hér um ræðir og svæði 2334-108 (sjá hér að framan), eru skráð saman undir auðkenninu ST-004:003 í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar (Birna Lárusdóttir o.fl. 2005, 61).



Mynd 49: Loftmynd sem sýnir uppmælingar á mógrafasvæðum 2334-108 og 2334-109 á Móholti, ásamt staðetningu tófta 2334-37 og 2334-38. Fyrir miðri mynd má svo sjá götu 2334-141.

Lokaorð

Að lokinni þessari endurskoðun á fornleifaskráningu Kúvíkna er ljóst að minjarnar bjóða upp á ýmsa möguleika hvað varðar menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu, að ekki sé talað um þá náttúrufegurð sem þar er að finna. Svo einhver dæmi séu tekin, þá mynda minjarnar í heimatúninu fallega heild sem mætti draga betur fram í dagsljósið, t.d. með upplýsingaskilti utan við norðanvert túnið, n.t.t. við hliðið þar sem mætast traðir 2334-3 og vegslóði niður að bænum. Ásamt ágripi af sögu staðarins, gæti slíkt skilti verið með yfirlitskortum sem sýndu minjar á jörðinni og væru þær auðkenndar með númerum úr skráningunni. Minjarnar sjálfar væru svo merktar með smærri skiltum þar sem skráningar-númer þeirra kæmi fram ásamt upplýsingum um hlutverk þeirra. Mætti jafnframt

bjóða uppá aðgang að ítarefni um minjarnar, eða sögu Kúvíkna í gegnum QR-kóða á skiltunum.

Hvað varðar viðhald eða uppbyggingu minja á svæðinu, þá ber helst að nefna minjar um áveitukerfi og jarðrækt sem þar er að finna. Mjög greinilegt er að talsverð vinna hefur verið lögð í að stýra flæði á vatni um jarðræktarsvæðin í heimatúninu, að líkindum til að ná í leysingavatn á vorin sem gjarnan er mjög ríkt af ýmsum næringarefnum. Þótt hér hafi verið reynt að kortleggja áveitukerfið að einhverju leyti þá er ekki alveg ljóst hvar lokur hafa verið í kerfinu sem stýrt hafa vatnsflæðinu. Mætti hugsanlega leggja betur yfir áveitukerfið til þess að staðsetja lokurnar og jafnvel endurbyggja þær.

Auka mætti gildi Kúvíkna sem útivistarsvæðis með merkingu gönguleiða um jörðina sem leiðbeint gætu ferðamönnum um minjasvæðið og væri þá ekki úr vegi að leggja hinar fornu leiðir, sem skráðar eru, til grundvallar. Mætti í því sambandi nefna Kerlingarkleif (2334-57) og Bröttugötu (2334-58) sem sameinast í leið 2334-140 sem liggur austur með ströndinni að rústum Halldórsstaða. Þaðan mætti svo halda áfram eftir leið 2334-141 sem liggur að rústum Sels í landi Kambs. Ekki má heldur gleyma tröðunum (2334-3) sem liggja um heimatúnið, en þær mætti gera greiðfærari með einfaldri brúargerð þar sem þær liggja yfir læk og áveituskurði. Væri auðvelt að útbúa skemmtilega gönguleið eftir þessum leiðum þar sem hægt væri að njóta fallegrar náttúru og þeirra minja sem þar er að finna.

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir (ritstj.), Gavin Lucas og Lilja Björk Pálsdóttir. 2004. *Fornleifa-uppgroftur á Kúvíkum í Reykjafirði*. FS262-04201. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Birna Lárusdóttir (ritstj.), Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2005. *Fornleifaskráning í Árneshreppi II: Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs frá Seljanesi til Skjaldarbjarnarvíkur*. FS260-02053. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Ö-Kúvíkur: Kúvíkur, Örnefnalýsing. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði 1980. Árna-stofnun, Nafnfræðisvið (nafnid.is)
Sarpur. Ljósmyndagrunnur.

Myndaskrá

Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir heimatúnið í Kúvíkum og næsta nágrenni. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson.	5
Mynd 2: Yfirlit yfir uppmældar minjar í heimatúni Kúvíkna	7
Mynd 3: Minjar sunnvert á svæðinu austan bæjarlækjar í heimatúninu.....	10
Mynd 4: Yfirlitsmynd úr flýgildi sem sýnir rústir verslunarhússins, rústir íbúðarhúss Jakobs Thorarensens (2334-20) og nálægar minjar. Eru rústir verslunarhússins í forgrunni (2334-24), en rústir íbúðarhússins eru þar fyrir aftan til vinstri.	13
Mynd 5: Norðanvert á svæðinu austan bæjarlækjar í heimatúninu.	14
Mynd 6: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-27. Horft í suður.	14
Mynd 7: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af húsgrunni 2334-63. Horft í suður.	15
Mynd 8: Íbúðarhús Carl Jensen (2334-63), þar sem það stendur nú við Kaldbaksvík. Horft í austnorðaustur	16
Mynd 9: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af hænsnakofatóft 2334-30. Er rústin römmuð inn af hluta túngarðs 2334-1. Horft í suður.	16
Mynd 10: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-62. Horft í suður.	17
Mynd 11: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af tóft 2334-61 og húsgrunni 2334- 134 . Hort í suður.	18
Mynd 12: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af tóft 2334-60 (sláturhús/matjurtagarður). Horft í suður.....	19
Mynd 13: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af minjum í austasta hluta heimatúnsins. Húsgrunnur íbúðarhúss Carl Jensen (2334-63) er fyrir miðri mynd. Horft í suður.....	20
Mynd 14: Uppmælingar, á loftmynd, af minjum í austasta hluta heimatúnsins.	21
Mynd 15: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af hesthústóft 2334-2 og jarðræktarsvæði 2334-4. Horft í suðvestur.	22
Mynd 16: Yfirlitsmynd úr flýgildi, af fjárhústóft 2334-66. Á myndinni sést einnig hluti af túngarði 2334-1. Horft í norðaustur.....	23
Mynd 17: Yfirlitsmynd úr flýgildi af fjárhústóft 2334-70. Á myndinni sést einnig í jarðræktarsvæði 2334-81 og 2334-114. Horft í suður.	24
Mynd 18: Nærmynd af áletrun 2334-81.....	27
Mynd 19: Uppmælingar, á loftmynd, af minjum í heimatúninu, austast á svæðinu vestan bæjarlækjar.	27
Mynd 20: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Smiðjuparti. Naust 2334-87 er í forgrunni en smiðjutóft 2334-86 er þar fyrir aftan. Horft í suður.	28

Mynd 21: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Bræðsluparti (vinstra megin) og Gíslahúshól (hægra megin). Horft í suður.....	30
Mynd 22: Uppmælingar á loftmynd, af minjum á Gíslahúshól og Bræðsluparti.	31
Mynd 23: Uppmælingar á loftmynd, af minjum vestast í heimatúninu.....	32
Mynd 24: Yfirlitsmynd úr flýgildi þar sem má sjá tóft 2334-35 og áveitumannvirki 2334-138-139 sunnan við túngarð 2334-1. Í forngrunni, norðan við túngarðinn, eru svo hesthústóft 2334-2 og jarðræktarsvæði 2334-4 og 2334-12. Horft til suðurs.	34
Mynd 25: Tóft 2334-64. Horft til norðurs.....	35
Mynd 26: Uppmælingar á loftmynd, af minjum á suðursvæðinu og suðausturhluta vestursvæðis (sjá hér að neðan).....	36
Mynd 27: Yfirlitsmynd úr flýgildi þar sem horft er til vesturs yfir tóft 2334-96 og matjurtagarð 234-97. Myndin sýnir jafnframt áætlaða staðsetningu þvottastaðar 2334-131.....	37
Mynd 28: Varða 2334-98. Horft til norðausturs.....	38
Mynd 29: Uppmælingar á loftmynd, þar sem má sjá mógrafasvæði 2334-99, 2334-102 og 2334-103 ásamt mókofatóftum 100 og 101. Nyrst á myndinni er svo varða 2334-98 og í suðausturhorninu er svo mógrafa svæði 2334-33 sem skráð á suðursvæðinu (sjá hér að framan).	39
Mynd 30: Uppmælingar á loftmynd þar sem má sjá mógrafasvæði 116-119, götu 2334-65 og vörðu 2334-105.....	41
Mynd 31: Uppmælingar á loftmynd af leiðum og vörðum við Kleifar, vestast á vestursvæðinu.	42
Mynd 32: Hleðsla 2334-91. Horft í suður.	43
Mynd 33: Uppmælingar á loftmynd þar sem má sjá stekkjartóft 2334-93 og beitarhúsatóft 2334-94, ásamt vörðu 2334-95.....	44
Mynd 34: Náttagi 2334-92. Horft í suður.	45
Mynd 35: Uppmælingar af minjum á loftmynd, þar sem má sjá Kerlingarkleif (2334-57) og Bröttugötu (2334-58), ásamt mógrafasvæðum 2334-55-56 og hluta leiðar 2334-140	46
Mynd 36: Yfirlitsmynd úr flýgildi af tóftum 2334-52 og 2334-53, ásamt garðlagi 2334-54. Horft í austur.	48
Mynd 37: Yfirlitsmynd úr flýgildi af réttartóft 2334-51. Horft í austur.	49
Mynd 38: Yfirlitsmynd úr flýgildi af garðlagi 2334-50. Horft í norðaustur.....	50
Mynd 39: Uppmælingar af minjum á loftmynd. Vestast á myndinni getur að líta tóftir 2334-52 og 2334-53, ásamt garðlagi 2334-54. Þar fyrir austan (á miðri mynd) er svo réttartóft 2334-51 og austast er svo garðlag 2334-50. Á myndinni má einnig sjá götu 2334-140 hlykkjast frá vestri til austurs.	50

Mynd 40: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á bæjarhól Halldórsstaða og réttartóft 2334-46.....	52
Mynd 41: Uppmælingar á loftmynd, af fjárhústóft 2334-42, túngarði 2334-44 og kolagröf 2334-43. Lengst til vinstri má sjá hvar gata 2334-140 liggur inn að heimatúni Halldórsstaða.....	53
Mynd 42: Uppmælingar á loftmynd, af minjum við Halldórsstaðavog. Lending, naust með áfastri sjóbúð og leifar síðasta Halldórsstaðabæjarins ásamt mögulegum leifum brunnhúss og tóftar með óljóst hlutverk. Fyrir sunnan minjarnar má svo sjá götu 2334- 141 liggja frá vestri til austurs.....	54
Mynd 43: Yfirlitsmynd úr flýgildi af minjum á Halldórsstöðum. Hort til austurs.	55
Mynd 44: Uppmælingar á loftmynd, af minjum í og við Heimatún Halldórsstaða.....	56
Mynd 45: Réttartóft 2334-40. Horft í norðaustur.	56
Mynd 46: Tóft 2334-39. Horft í austur.	57
Mynd 47: Réttartóft 2334-38. Horft í suður.	58
Mynd 48: Tóft 2334-37. Horft í austur.	58
Mynd 49: Loftmynd sem sýnir uppmælingar á mógrafasvæðum 2334-108 og 2334-109 á Móholti, ásamt staðetningu tófta 2334-37 og 2334-38. Fyrir miðri mynd má svo sjá götu 2334-141.....	59

Viðaukar

Viðauki 1: Hnitaskrá

minj_id	auð-kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-1	ST-004:086F, K, N, V	garðlag	túngarður			býli	engin hætta		387254.261 0	608375.845 1
2334-2	ST-004:86P	tóft	hesthús			býli	engin hætta		387261.355 6	608270.195 3
2334-3	ST-004:086Q	garðlag	traðir			býli	engin hætta		387301.544 1	608326.067 7
2334-4	ST-004:086IV	jarð-ræktar-svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387275.380 4	608282.904 1
2334-5	ST-004:086R	tóft	matjurta-garður			býli	engin hætta		387312.164 1	608338.646 7
2334-6	ST-004:086S	tóft	útihús			býli	engin hætta		387330.887 1	608330.270 6
2334-7		garðlag	áveita			býli	engin hætta		387348.132 7	608319.937 7
2334-8		niður-gröftur	áveita			býli	engin hætta		387329.328 9	608308.950 1
2334-9		niður-gröftur	áveita			býli	engin hætta		387335.412 5	608306.976 9
2334-10		niður-gröftur	áveita			býli	engin hætta		387342.320 6	608305.651 2

minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-11		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387349.587 7	608305.117 9
2334-12		jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387318.634 5	608293.540 7
2334-13		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387342.891 0	608322.521 1
2334-14	ST- 004:086I	jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387374.057 0	608349.033 2
2334-15		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387377.188 2	608376.005 4
2334-16		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387359.840 3	608356.774 3
2334-17		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387342.199 1	608364.242 6
2334-18	ST- 004:086B	tóft	fjós	híbýli		býli	engin hætta		387355.766 2	608382.900 8
2334-19	ST- 004:086B	tóft	hænsnakofi			býli	engin hætta		387359.296 4	608380.117 0
2334-20	ST- 004:086C	tóft	hýbýli			býli	engin hætta		387381.965 5	608380.096 7
2334-21	ST- 004:086D	hóll	öskuhaugur			býli	engin hætta		387352.858 4	608400.621 7
2334-22		niður- gröftur- hleðsla	súrheys- gryfja			verslunarminjar	engin hætta		387366.152 5	608409.862 4

minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-23		niður- gröftur- hleðsla	brunnur			verslunarminjar	engin hætta		387373.655 1	608399.519 0
2334-24	ST-004- 086A	tóft	verslunar- hús			verslunarminjar	engin hætta		387374.674 8	608412.407 7
2334-25		garðlag	traðir			samgöngu- minjar	engin hætta		387386.837 9	608411.050 7
2334-26		heimild	bryggja			verslunarminjar	engin hætta		387390.142 8	608430.123 4
2334-27	ST- 004:086E	tóft	fjárhús			býli	engin hætta		387437.551 4	608402.791 0
2334-28		rutt svæði	uppsátur			sjóminjar	hætta	landbrot	387487.360 1	608402.637 4
2334-29		rutt svæði	uppsátur			sjóminjar	hætta	landbrot	387532.392 6	608391.715 4
2334-30	ST- 004:086U	tóft	hænsnakofi			býli	engin hætta		387485.283 8	608368.693 3
2334-31	ST- 004:086Þ	áletrun	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		387305.734 9	608424.179 2
2334-32	ST- 004:039	náma	mógrafir	torftöku- staður	Torfdalur	efnistaka nýting	og engin hætta		387068.539 9	608050.040 1
2334-33		náma	mógrafir		Torfdalur	efnistaka nýting	og engin hætta		387026.245 4	608099.407 6
2334-34	ST- 004:020	náma	mógrafir			efnistaka nýting	og engin hætta		386660.497 1	608242.719 9
2334-35		tóft	kvíar			býli	engin hætta		387262.453 9	608230.769 6

minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-36		náma	mógrafir			efnistaka og nýting	engin hætta		386099.118 6	607897.711 7
2334-37	ST- 004:052	tóft	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		389488.419 1	609279.907 8
2334-38	ST- 004:058	tóft	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		389479.222 8	609275.864 2
2334-39	ST- 004:065	tóft	rétt	byrgi		landbúnaðar- minjar	engin hætta		389212.373 8	609194.797 5
2334-40	ST- 004:069	tóft	rétt			landbúnaðar- minjar	hætta	landbrot	389127.620 5	609158.456 7
2334-41	ST- 004:075	tóft	óþekkt			býli	engin hætta		388943.748 1	608985.939 2
2334-42	ST- 004:081	hleðsla	fjárhús			býli	engin hætta		388834.091 8	609073.012 6
2334-43	ST- 004:082	niður- gröftur	kolagröf			efnistaka og nýting	engin hætta		388832.821 6	609120.791 9
2334-44	ST- 004:080	garðlag	túngarður			býli	engin hætta		388825.429 3	609051.225 7
2334-45	ST- 044:079	hóll	bæjarhóll		Halldórs- staðir	býli	engin hætta		388855.093 9	608973.754 0
2334-46	ST- 044:078	tóft	rétt			býli	engin hætta		388853.594 7	608947.846 7
2334-47	ST- 004:071	hleðsla	óþekkt			býli	engin hætta		388932.263 9	608983.008 3
2334-48	ST- 004:077	tóft	naust		Halldórs- staða- vogur	sjóminjar	engin hætta		388916.298 0	608988.288 7

minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-49	ST- 004:076	tóft	óþekkt			býli	engin hætta		388924.875 5	608979.239 0
2334-50	ST- 004:083	garðlag	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		388518.137 6	608938.076 8
2334-51	ST- 004:085	tóft	rétt			býli	engin hætta		388364.189 4	608848.782 8
2334-52	ST- 004:061	tóft	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		388248.799 7	608795.492 4
2334-53	ST- 004:063	tóft	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		388236.342 6	608817.763 5
2334-54	ST- 004:062	garðlag	óþekkt			óskilgreind	hætta	landbrot	388240.824 2	608836.303 0
2334-55	ST- 004:054	náma	mógrafir			efnistaka og nýting	engin hætta		387764.316 5	608448.789 2
2334-56	ST- 004:053	náma	mógrafir			efnistaka og nýting	engin hætta		387690.695 7	608404.254 2
2334-57	ST- 004:059	gata	leið		Kerl- ingarkleif	samgöngu- minjar	engin hætta		387641.795 5	608421.954 2
2334-58	ST- 004:060	gata	leið		Bröttu- gata	samgöngu- minjar	engin hætta		387636.480 1	608438.674 1
2334-59	ST- 044:037	heimild	dys	legstaður	Dys	greiftrunarmínjar	engin hætta		387581.003 9	608397.803 0
2334-60	ST- 004:086Z	hleðsla	sláturhús			verslunarmínjar	hætta	landbrot	387551.275 9	608401.367 3
2334-61	ST- 004:086Y	tóft	óþekkt	híbýli		býli	engin hætta		387547.403 7	608384.388 9
2334-62	ST- 004:086X	stein- steypa	fjárhús			býli	engin hætta		387516.250 3	608385.016 8

minj_id	auð-kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-63	ST-004:086T	tóft	híbyli			býli	engin hætta		387485.853 3	608388.100 1
2334-64	ST-004:064	tóft	óþekkt	mókofi		efnistaka og nýting	engin hætta		387113.232 8	608162.528 6
2334-65	ST-004:038	gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		386373.697 6	607648.919 5
2334-66	ST-004:086O	tóft	fjárhús			býli	engin hætta		387164.241 1	608369.838 1
2334-67		mann- virki	óþekkt			býli	hætta	rof	387156.547 9	608443.246 3
2334-68		tóft	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		387242.016 5	608478.934 0
2334-69	ST-004:086L	tóft	híbyli		Gíslahús	verslunarminjar	engin hætta		387252.869 2	608480.136 5
2334-70	ST-004:086M	tóft	fjárhús			verslunarminjar	engin hætta		387227.601 2	608438.167 3
2334-71		mann- virki	óþekkt	hjallur		sjóminjar	engin hætta		387284.473 5	608517.421 8
2334-72		niður- gröftur	brunnur			býli	engin hætta		387247.018 1	608351.120 3
2334-73		garðlag	áveita			býli	engin hætta		387313.224 0	608437.734 2
2334-74		hús- grunnur	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		387332.197 1	608442.912 0
2334-75		tóft	óþekkt			verslunarminjar	engin hætta		387308.736 2	608456.569 0
2334-76		tóft	óþekkt			býli	engin hætta		387303.954 6	608458.007 4

minj_id	auð-kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-77	ST-004:086I	tóft	fjárhús			verslunarminjar	mikil hætta	landbrot	387315.108 3	608485.872 7
2334-78	ST-004:086J	tóft	óþekkt	bræðsluhús		verslunarminjar	hætta	landbrot	387330.873 3	608476.135 1
2334-79		dæld	óþekkt			verslunarminjar	engin hætta		387329.500 7	608462.138 8
2334-80		tóft	óþekkt	matjurta- garður		býli	engin hætta		387237.285 6	608364.824 8
2334-81		jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387237.010 4	608403.912 9
2334-82		niður- gröftur	framræsla			býli	engin hætta		387268.020 3	608422.280 2
2334-83		jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387287.146 8	608387.949 7
2334-84	ST-004:086II	jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387308.807 9	608364.085 6
2334-85	ST-004:086II	jarð- ræktar- svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387311.117 1	608400.381 6
2334-86	ST-004:086H	tóft	smiðja			býli	engin hætta		387344.100 6	608425.325 8
2334-87	ST-004:86G	tóft	naust			sjóminjar	hætta	landbrot	387352.450 5	608433.104 8
2334-88		hleðsla	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		385827.987 4	608284.664 4


minj_id	auð-kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-89		varða	samgöngu- bót			samgöngu- minjar	engin hætta		385942.925 5	608354.008 6
2334-90		varða	samgöngu- bót			samgöngu- minjar	engin hætta		386024.757 3	608366.716 2
2334-91		hleðsla	óþekkt	samgöngu- bót		samgögnuminja r	engin hætta		385754.634 0	608406.796 5
2334-92	ST- 004:018	tóft	nátthagi	rétt	Nátthagi	býli	engin hætta		386231.787 2	608707.368 5
2334-93	ST- 004:056	tóft	stekkur		Stekkjara- vík	býli	engin hætta		386585.010 4	608609.392 9
2334-94		tóft	beitarhús			býli	engin hætta		386593.266 2	608606.469 3
2334-95		varða	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		386627.789 5	608554.353 8
2334-96		tóft	óþekkt			býli	engin hætta		387099.822 7	608491.287 8
2334-97		tóft	matjurta- garður			býli	engin hætta		387097.502 8	608470.024 9
2334-98		varða	eyktamark			býli	engin hætta		386933.754 9	608314.208 1
2334-99		náma	mógrafir			efnistaka nýting og	engin hætta		386915.967 6	608249.021 1
2334- 100		tóft	óþekkt	mókofi		efnistaka nýting og	engin hætta		386927.315 4	608223.579 2
2334- 101		tóft	óþekkt	mókofi		efnistaka nýting og	engin hætta		386882.917 9	608202.698 8
2334- 102		náma	mógrafir			efnistaka nýting og	engin hætta		386878.290 6	608188.894 7


minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-103		náma	mógrafir			efnistaka og nýting	engin hætta		386889.4938	608127.5479
2334-104		púst	óþekkt	heygarður		óskilgreind	engin hætta		387186.1925	608337.0389
2334-105		varða	óþekkt			óskilgreind	engin hætta		385850.2531	607986.0842
2334-106		tóft	óþekkt			býli	engin hætta		388845.4485	608975.2151
2334-107		tóft	óþekkt			býli	engin hætta		388861.5623	608969.1852
2334-108	ST-004:003	náma	mógrafir		Móholt	efnistaka og nýting	engin hætta		389599.9414	609144.3739
2334-109	ST-004:003	náma	mógrafir		Móholt	efnistaka og nýting	engin hætta		389546.0305	609097.3767
2334-110		varða	samgöngu-bót			samgöngu-minjar	engin hætta		386819.9607	607720.9027
2334-111		varða	samgöngu-bót	eyktamark		samgöngu-minjar	engin hætta		386950.2378	607885.9819
2334-112		gata	leið			samgöngu-minjar	engin hætta		387156.9582	608441.5151
2334-113	ST-004:086III	jarð-ræktar-svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387169.9079	608467.7325
2334-114		jarð-ræktar-svæði	beðaslétta			býli	engin hætta		387261.1625	608435.6185
2334-115		gata	leið			leið	engin hætta		386809.7030	607705.7251


minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-116		náma	mógrafir			efnistaka nýting	og engin hætta		386124.492 7	607918.565 0
2334-117		náma	mógrafir			efnistaka nýting	og engin hætta		386120.070 5	607924.772 5
2334-118		náma	mógrafir			efnistaka nýting	og engin hætta		386125.271 9	607934.713 8
2334-119		náma	mógrafir			efnistaka nýting	og engin hætta		386136.191 4	607957.201 6
2334-120		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387383.124 2	608342.452 9
2334-121		niður- gröftur- hleðsla	ræsi			bili	engin hætta		387310.867 6	608453.751 5
2334-122		niður- gröftur	framræsla			býli	engin hætta		387286.653 4	608412.608 0
2334-123		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387301.172 3	608375.600 6
2334-124		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387307.012 2	608370.263 3
2334-125		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		387352.945 6	608413.383 0
2334-126		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		385864.597 9	608314.369 2
2334-127		niður- gröftur- hleðsla	ræsi			samgöngu- minjar	engin hætta		385738.534 3	608242.221 4
2334-128		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		385755.306 1	608256.567 5

minj_id	auð- kenni/FSI	tegund	hlutverk	hlutverk2	serheiti	minjaflokkur	haettuma t	haettu_or s	POINT_X	POINT_Y
2334-129		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		385699.418 7	608280.501 9
2334-130	ST- 004:023	gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		386311.797 6	608590.546 7
2334-131	ST- 004:087	heimild	þvottastaður			býli	engin hætta		387112.165 7	608473.417 1
2334-132		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387347.300 6	608353.472 3
2334-133		niður- gröftur	áveita			býli	engin hætta		387388.121 9	608355.898 7
2334-134		hús- grunnur	óþekkt			býli	engin hætta		387530.286 6	608386.181 0
2334-135		heimild	óþekkt	skemma		sjóminjar	engin hætta		387556.869 3	608405.818 3
2334-136		heimild	bryggja			sjóminjar	engin hætta		387557.676 3	608409.450 0
2334-137		garðlag	áveita			býli	engin hætta		387250.838 8	608345.262 1
2334-138		garðlag	áveita			býli	engin hætta		387287.993 3	608210.651 2
2334-139		garðlag	áveita			býli	engin hætta		387274.228 4	608199.917 4
2334-140		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		388244.957 7	608771.038 6
2334-141		gata	leið			samgöngu- minjar	engin hætta		389461.273 0	609180.547 7
2334-142		rutt svæði	lending			sjóminjar	engin hætta		388921.589 2	609022.426 0

Viðauki 2: Minjakort







Minjakort 4: Austursvæði 1

